
Blaðamaðurinn

Desember 2022 • 1. tbl. • 44. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS




Aðgerðir gegn blaðamönnum - aðför að tjáningarfrelsi - bls. 4

Kynbundinn launamunur mælist enginn

Jafnlaunagreining launakönnunar bendir til þess að enginn munur sé nú í launum blaðamanna eftir kyni. Laun blaðamanna hafa ekki hækkað í samræmi við aðrar stéttir og mælast 23% lægri en þau ættu að vera ef miðað er við launaþróun frá árinu 2012.

- **Endurskoðun siðareglna** samráð við félagsmenn
- **Einfalt og praktískt!** viðhorf til breytinga
- **Blaðamannaverðlaun** viðurkenningar ársins



Mynd ársins

- **„Danska leiðin“** fjölmiðlastyrkir ræddir
- **Framtíð blaðamennsku** málþing á Akureyri
- **Nýjar Evrópureglur** til varnar fjölmiðlafrelsi

EFNI BLAÐSINS



Félagið

4 Leiðari formanns

5 Félagsfréttayfirlit BÍ 2022

8 Niðurstöður launakönnunar 2022

11 Tímabær endurskoðun siðareglna

12 Tillaga að nýjum siðareglum

14 Einfalt og praktískt!

19 Blaðamannaverðlaun ársins

21 Verðlaunamyndir ársins

Umræðan

26 „Danska leiðin“ hennar Lilju

29 Framtíð blaðamennsku

32 Nýtt regluverk um frelsi fjölmiðla

34 Kosning trúnaðarmanna

35 Íslenskir blaðamenn III

Félagatal

36 Félagatal BÍ

Útgefandi: *Blaðamannafélag Íslands*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Sigríður Dögg Auðunsdóttir (sigridurdogg@press.is).

Prófarkalestur: *Auðunn Arnórsson (audunn@press.is)*
Útlitshönnun: *Prentmet Oddi*
Prentun: *Prentmet Oddi*

Skrifstofa Blaðamannafélagsins
er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík
Sími 553 9155
Netfang **bi@press.is**
Vefur BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.
Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson framkvæmdastjóri,
Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri
og Auðunn Arnórsson verkefnastjóri.



Forsíðumynd

Forsíðumyndin í ár er „grabb“ úr upptöku Kristjáns Þórs Ingvarssonar, myndatökumanns RÚV, af vettvangi á Keflavíkurflugvelli aðfaranótt 3. nóvember sl., þar sem starfsmenn Isavia beindu flóðljósum að fréttateymi RÚV til að hindra myndatökur af brottvísun hælisleitenda.

Við erum ekki bloggarar

Ein stærsta áskorun sem stétt blaðamanna stendur frammi fyrir er hin óljósa lína sem er í huga lesenda og áheyrenda á milli faglegrar blaðamennsku og bloggs. Þetta er í sjálfu sér ekki ný áskorun en hefur orðið miklum mun stærri samhliða því að hver sem er getur opnað vefsíðu eða byrjað að senda sjónvarps- eða útvarpsþætti í gegnum netið. Fyrirtæki birta „fréttir“ á vefsíðum sínum og stjórnmálaleiðtogar halda úti útvarpsþáttum þar sem þeir tala við starfsfólkið sitt sem eru í hlutverki spyrils. Í stað þess að svara spurningum blaðamanna senda sömu aðilar tilkynningar eða birta stöðuuppfærslur á Facebook. Hlaðvörp eru orðinn vettvangur fyrir fólk að segja frá einhverju, óáreitt frá gagnrýnum spurningum blaðamanna sem eiga trúnað við áheyrendur en ekki viðmælendur.

Eðli frétta er að segja frá því sem er ekki eins og við búumst við að það sé; fréttir og umfjallanir þurfa að vera í frásögur færandi. Það er ekki fréttnæmt þegar einhver gerir það sem hann á að gera. Í eðli sínu eru fréttir því neikvæðar, þó það sé ekki algilt. Það er því eftir töluverðu að slægjast fyrir áhrifafólk að tala niður mikilvægi blaðamannastéttarinnar. Hugmyndin um að allir séu blaðamenn er ein birtingarmyndin á því hvernig þessi hópur, sem gjarnan er andlag umfjöllunar blaðamanna, tekur virkan þátt í að má út línuna sem skilur á milli blaðamennsku og bloggskrifa. Önnur birtingarmynd er að vilja stýra því hvernig fjölmiðlar vinna og hverjir þeirra lifa. Enn á eftir að hrinda í framkvæmd flestum tillögum nefndar sem skilaði ráðherra fjölmiðlamála skýrslu árið 2018 um leiðir til að styðja við frjálsa fjölmiðlun á Íslandi. Styrkjakerfið er það eina sem tekið var úr tillögunum og ekkert bólar á öðru. Stuðningurinn hefur verið skorinn niður ár frá ári, allt þar til nú, eftir að fjárlaganefnd samþykkti óvænt 100 milljóna króna aukið framlag.

Aukamilljónirnar voru þó bundnar einum miðli sem engann blaðamann hefur, engan ritstjóra og hefur á undanförnum misserum tekið fyrir að flytja fréttir. Fyrst og fremst mátti skilja á fjárlaganefnd að skortur væri á umfjöllun um landsbyggðina. Hið rétta er þó að margar af stærstu fréttum síðustu missera eru af landsbyggðinni. Allar fréttir um og af Samherja fjalla um fyrirtæki sem starfar fyrst og fremst annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu og þó Reykjavík dansi við Vestmannaeyjabæ um að vera stærsti útgerðarbærinn hverju sinni eru flestar umfjallanir um sjávarútveg af landsbyggðinni. Sama má segja um landbúnað og samgöngur þó auðvitað sé talað um Borgarlínu. Það er því líklega átt við skort á jákvæðum fréttum á forsendum þess sem til umfjöllunar er. Fleiri blogg í myndformi.

Blaðamenn þurfa að standa vörð um grunngildi faglegrar blaðamennsku og þar eru siðareglur félagsins eitt af beittustu vopnunum. Þær eru nú til endurskoðunar og mikilvægt er að þær endurspegli raunveruleikann sem blaðamenn starfa við í dag. Ef við sem stétt stöndum ekki upp fyrir faglegum gildum er líklegt að enginn geri það.

Aðalsteinn Kjartansson

STJÓRN BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:
Formaður: Sigríður Dögg Auðunsdóttir, RÚV
Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni
Ingvar Haraldsson, Viðskiptablaðinu
Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, Morgunblaðinu
Lovísa Arnardóttir, Fréttablaðinu
Bára Huld Beck, Kjarnanum
Sunna Valgerðardóttir, RÚV

Varamenn
Snorri Másson, Sýn
Ragna Gestsdóttir, Birtingi
Stígur Helgason, RÚV

Samningaráð
Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ
Aðalsteinn Kjartansson, varaformaður
Anna Lilja Þórisdóttir, RÚV
Lovísa Arnardóttir, Fréttablaðinu
Kristín Ólafsdóttir, Sýn
Arnar Þór Ingólfsson, Kjarnanum

Varamenn
Freyr Rögnvaldsson, Stundinni
Júlíus Þór Halldórsson, Viðskiptablaðinu
Guðný Hrönn Antonsdóttir, Birtingi

Siðanefnd
Friðrik Þór Guðmundsson, formaður
Fanney Birna Jónsdóttir, varaformaður
Pálmi Jónasson, meðstjórnandi

Varamenn
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Árnadóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, formaður
Kristjana Guðbrandsdóttir
Rakel Þorbergsdóttir
Steinunn Stefánsdóttir
Jóhann Óli Eiðsson

Menningar- og orlofshúsasjóður
Lúðvík Geirsson, formaður
Elín Albertsdóttir
Guðmundur Sv. Hermannsson

Varamaður:
Sigurður Már Jónsson

Stjórn Styrktarsjóðs
Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Þorsteinn Kr. Ásgrímsson Melen

Varamenn
Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Hjálmar Jónsson
Baldur Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga
Sigtryggur Sigtryggsson
Hörður Ægisson

Varamaður
Guðmundur Sv. Hermannsson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum
Morgunblaðið: Sólrún Lilja Ragnarsdóttir
Fréttablaðið: Ernir Eyjólfsson
DV: Erla Dóra Magnúsdóttir
Sýn/Vísir/Bylgjan: Kristín Ólafsdóttir
Birtingur: Guðný Hrönn Antonsdóttir
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson
Kjarninn: Arnar Þór Ingólfsson
RÚV: Anna Lilja Þórisdóttir og Ragnar Santos
Stundin: Freyr Rögnvaldsson
FF: Hallgrímur Indriðason

Aðgerðir gegn blaðamönnum

– aðför að tjáningarfrelsi


Sigríður Dögg Auðunsdóttir

Ágætu félagar.

Senn er að líða ár talsverðra tímamóta í sögu félagsins. Félag fréttamanna á Ríkisútvarpinu og Blaðamannafélag Íslands sameinuðust í eitt félag í vor. Markmið sameiningarinnar var ekki síst að búa til ein öflug heildarsamtök blaða- og fréttamanna á Íslandi enda þurfti stéttin að þétta raðirnar og standa saman gegn þeim ógnum sem að henni steðja.

Sjaldan hefur verið jafnmikil þörf á því og einmitt nú, að blaðamenn snúi bökum saman gegn þeim árásum sem stéttin og einstaka blaðamenn hafa orðið fyrir undanfarin misseri.

Lögreglustjórinn viðheldur kælingaráhrifunum

Samherjamálið virðist engan endi ætla að taka og virðist sem lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra hafi tekið að sér það hlutverk að sýna blaðamannastéttinni hvar Davíð keypti ölið með því að gefa fjórum blaðamönnum réttarstöðu sakborninga fyrir það eitt að vinna vinnuna sína. Formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins kemur upp um vanþekkingu sína á hlutverki fjölmiðla – eða mögulega virðingaleysi sitt gagnvart því – með því að spyrja opinberlega hvort blaðamenn séu of góðir til að mæta til yfirheyrslu eins og almennir borgarar þegar lagaleg sérstaða blaðamanna er mjög skýr og hefur margoft verið áréttuð fyrir dómstólum, hér á landi sem annars staðar. Þegar blaðamenn benda á ákvæði í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi og hina sérstöku vernd sem blaðamenn njóta vegna þess hlutverks sem fjölmiðlar gegna með tilliti til opinberrar umræðu í lýðræðisríki skjóta sumir við því skollaeyrum og saka stéttina um viðkvæmni. Algjörlega er horft fram hjá þeim alvarlegu kælingaráhrifum sem þessi gjörningur hefur á stéttina alla og þá skerðingu á tjáningar- og atvinnufrelsi blaðamanna sem þau hafa í för með sér. Lögreglustjórinn viðheldur kælingaráhrifunum með því að tryggja ekki skjóta rannsókn eða frávísun málsins heldur er það nú bókstaflega niðri í skúffu hjá embættinu sem ekki getur sinnt rannsókninni „sökum anna“, líkt og verjandi eins sakborninganna hefur fengið upplýsingar um hjá embættinu, þrátt fyrir að nær tíu mánuðir séu nú liðnir frá því að blaðamenn fengu réttarstöðu sakbornings.

Vonast eftir viðbrögðum ríkissaksóknara

Þessi viðhorf embættismanna sem fara með opinbert vald í umboði borgaranna eru grafalvarleg og ættu að vera umhugsunarefni fyrir samfélagið allt. Skortur á skilningi á hlutverki fjölmiðla meðal æðstu valdamanna þessa lands og afneitun á mikilvægi þeirra fyrir lýðræðislega umræðu getur haft alvarlegar afleiðingar. Þeir blaðamenn sem hafa réttarstöðu sakbornings vegna fréttaskrifa hafa nú sent ríkissaksóknara erindi þar sem bent er á að lögregluannsóknin feli í sér inngrip í tjáningarfrelsi þeirra og bent á að samkvæmt dómum beri að gjalda varhug við íhlutun lögreglu sem kann að vera túlkuð sem afskipti af störfum blaðamanna við öflun og miðlun frétta um mikilvæg málefni. Ákærendum beri jafnframt að hraða meðferð mála, sérstaklega þar sem þau lúta að inngripi í tjáningarfrelsi einstaklinga. Ríkissaksóknari hefur heimild samkvæmt lögum að kveða á um rannsókn máls, mæla fyrir um framkvæmd hennar og fylgjast með henni. Þá getur ríkissaksóknari að eigin frumkvæði ákveðið að kæru skuli vísað frá eða að rannsókn sem er hafin skuli hætt. Í erindinu er athygli Ríkissaksóknara vakin á því hve rannsókn málsins hefur dregist úr hófi og áhrif þess á tjáningarfrelsi blaðamannanna, auk þess sem bent er á að aldrei hafi verið lagalegt tilefni til að ráðast í hana.

Isavia vísar frá sér ábyrgð

Við höfum nýlega þurft að horfa upp á fleiri dæmi þar sem atlaga er gerð að störfum blaðamanna þar sem starfsmenn Isavia beittu ljósabúnaði til að koma í veg fyrir að blaðamenn gætu sinnt störfum sínum og reyndu að hindra fréttaflutning. Blaðamannafélagið hefur lýst áhyggjum sínum af málinu og óskaði eftir fundi með ríkislögreglustjóra og forstjóra Isavia. Fundur var haldinn með ríkislögreglustjóra en forstjóri Isavia varpar frá sér ábyrgð á málinu og hefur ekki þegið boð um fund þrátt fyrir ítrekun. Málinu er því ekki lokið af hálfu félagsins enda lítum við það eftir sem áður alvarlegum augum.

Önnur hver króna til útlanda

Rekstrarumhverfi fjölmiðla hefur sjaldan verið erfiðari. Nýjustu tölur Hagstofunnar sýna að á síðasta ári fór nærri önnur hver króna, sem varið var til auglýsinga, til erlendra miðla, tæplega tíu milljarðar. Hagstofan ætlar að 95% þess fjármagns hafi runnið til Google og Facebook. Til samanburðar eru styrkir til einkarekinna miðla hér á landi tæplega hálfur milljarður, með nýjustu viðbótinni til framleiðslu sjónvarpsefnis á landsbyggðinni, upp á 100 milljónir. Veik staða fjölmiðlanna getur orðið til þess að þeir ná síður að sinna því upplýsinga- og aðhaldshlutverki sem er nauðsynlegt lýðræðinu en það hefur ekki síst áhrif á blaðamenn því við sjáum í spurningakönnun sem lögð var fyrir félagsmenn í október að þeir finna fyrir auknu álagi. Vísbendingar eru í könnuninni um að orsakir álagsins séu fyrst og fremst rekstrarlegs eðlis þótt nauðsynlegt sé að rýna betur í þær. Samdráttur í tekjum veldur því að störfum á fjölmiðlum fækkar og álag eykst að sama skapi á þá sem áfram manna ritstjórnirnar.

Við þessu þarf að bregðast og eitt af því sem félagið hefur unnið að undanfarin misseri er að efla vitund og þekkingu á störfum og hlutverki blaðamanna meðal almennings og ráðamanna til þess að koma á samfélagssátt um aðgerðir til stuðnings einkareknum miðlum, bæði aðgerðir af hendi stjórnvalda sem og almennings og fyrirtækja. Það verður stóra verkefni félagsins á næsta ári, að vinna enn frekar að þeim markmiðum.

Það er mikilvægt sem aldrei fyrr að stéttin standi saman. Við þurfum að hvetja hvert annað og efla faglega umræðu og vitund svo við getum í sameiningu staðið keik af okkur brimskafla líkt og þá sem hér að ofan eru raktir. Ljósaflóðið á Keflavíkurflugvelli verður síður en svo síðasta ágjöfin - en það er brýnt að þegar á okkur er brotið látum við í okkur heyra. Við höfum skyldur gagnvart faginu og almenningi að standa vörð um tjáningarfrelsið og frjálsa fjölmiðlun - og ef við gætum ekki þessara mikilvægu hagsmuna gerir það enginn.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir
formaður BÍ.

Félagsfrétta-yfirlit BÍ 2022


Auðunn Arnórsson

Árið 2022 var nokkuð viðburðaríkt í starfi félagsins.

Snemma í febrúar var haldið metnaðarfullt málþing í Síðumúlanum um fjölmiðlastyrki. Þar töluðu, meðal annarra, Lilja D. Alfreðsdóttir, ráðherra fjölmiðlamála, og Ida Willig, danskur prófessor í fjölmiðlafræðum, um ágæti opinberra rekstrarstyrkja til fjölmiðla. Nánar má lesa um málþingið í grein eftir Arnar Þór Ingólfsson hér í blaðinu.

Félagið tók þátt í fjölþjóðlegum viðbrögðum við innrás Rússa í Úkraínu, sem hófst 24. febrúar, meðal annars með fjáröflun til stuðnings úkraínskum blaðamönnum.

Blaðamannadagurinn 1. apríl var haldinn hátíðlegur með ör-málþingi um stöðu blaðamennsunnar og veitingu Blaðamanna- og blaðaljósmyndaraverðlaunanna. Auk þess var haldinn fyrsti fundur Samráðsvettvangs um fjölmiðla, sem samanstendur af fulltrúum BÍ og eigenda allra helstu fjölmiðla landsins.

Sigríður Dögg endurkjörin

Aðalfundur félagsins fór fram 28. apríl. Sigríður Dögg Auðunsdóttir gaf kost á sér áfram sem formaður félagsins, og hlaut ekki mótframboð. Nokkrar breytingar urðu þó á skipan stjórnar.

Í tengslum við aðalfundinn var metfjöldi blaðamanna heiðraður með gullmerki BÍ, 17 manns, en um veitingu þess gildir sérstök reglugerð. Meginreglan er sú að þeir sem hafa starfað í 40 ár í blaðamennsku hafi þar með unnið til þess að vera sæmdir gullmerki BÍ.

Á aðalfundinum var jafnframt sameining BÍ og Félags fréttamanna samþykkt f.h. félagsins. Af formlegri sameiningu félaganna varð eftir atkvæðagreiðslu í FF seinna um vorið.

Um miðjan maí stóð Bí að málþingi um upplýsingaóreiðu á ófriðartímum í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Fjölmiðlanefnd. Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ, flutti þar erindi og tók þátt í umræðum.

Verkefnastjóri ráðinn

Um sumarið afréð stjórn að auglýsa starf verkefnastjóra laust til umsóknar, til níu mánaða til að byrja með. Verkefnastjóra er ætlað að vinna náið með stjórn og formanni að því að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem metnaðurinn stendur til. Úr varð að Auðunn Arnórsson var ráðinn í starfið, og hóf störf um mánaðarmótin ágúst-september. Hann er þar með þriðji fasti starfsmaður félagsins ásamt Hjálmari Jónssyni framkvæmdastjóra og Jónu Th. Viðarsdóttur skrifstofustjóra.

Í september tilkynnti menningar- og viðskiptaráðuneytið, sem málefni fjölmiðla heyra undir, um úthlutun styrkja til endurgreiðslu kostnaðar við rekstur

einkarekinna fjölmiðla á Íslandi. 25 miðlar hlutu rekstrarstuðning að þessu sinni. Til úthlutunar voru 380 milljónir króna.

Erindi til umboðsmanns Alþingis

Um mánaðamótin október-nóvember sendi félagið ábendingu til umboðsmanns Alþingis, þar sem hann var hvattur til frumkvæðisathugunar á stjórnsýslu lögreglustjóraembættisins á Norðurlandi eystra vegna sakamálarannsóknar þess á hendur fjórum blaðamönnum, sem staðið hefur yfir frá því í febrúar en lítið hefur frést af síðan blaðamennirnir sættu yfirheyrslum í ágúst. Að mati lögmanns félagsins brýtur rannsóknin bæði gegn ákvæðum laga, stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála og er hvorki í samræmi við hlutverk lögreglu né blaðamanna í lýðræðissamfélagi. Áður hafði einn af blaðamönnunum fjórum sent BÍ til vörslu afrit af málsgögnunum, sem lögreglan á Norðurlandi eystra hafði deilt með verjanda hans.

Fundur með Ríkislögreglustjóra

Í nóvember fór fram í sal BÍ fjölsóttur fundur blaðamanna með Ríkislögreglustjóra, í kjölfar þess að fréttateymi RÚV var hindrað í störfum sínum af starfsfólki ISAVIA á Keflavíkurflugvelli þegar liðsmenn RLS unnu að því að koma hælisleitendum um borð í flugvél þar til brottvísunar úr landi. Nánar má lesa um þetta á Press.is

Dómar Félagsdóms

Í nóvember féll líka dómur í Félagsdómi í máli BÍ gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. RÚV ohf. vegna réttinda dagskrárgerðarfólks á RÚV. Þótt dómurinn hafi ekki að öllu leyti gengið málstað BÍ í vil þá tók hann af tvímæli um að BÍ hafi umboð til að gera kjarasamninga fyrir hönd dagskrárgerðarfólks á RÚV.

Dómur sem féll nokkru fyrr í Félagsdómi, í máli sem snerist um lögmæti uppsagnar starfsmanns Icelandair sem hafði verið trúnaðarmaður verkalýðsfélags síns á vinnustaðnum, hafði líka áhrif á BÍ eins og önnur stéttarfélög, þar sem dómurinn var brýning um að öll stéttarfélög pössuðu vel upp á það að trúnaðarmenn þeirra hefðu á hverjum tíma sannanlega gilt umboð sem slíkir. Nánar má lesa um þetta í grein eftir Hjálmar Jónsson hér í blaðinu.

Málþing, kröfugerð, bók

Í lok nóvember fór síðan fram á Akureyri málþing undir yfirskriftinni Framtíð blaðamennsku og svæðisbundin fjölmiðlun. Nánar er fjallað um málþingið í grein hér í blaðinu.

Snemma í desember urðu formannsskipti í Blaðaljósmyndarafélaginu. Á aðalfundi þess 1. desember var Vilhelm Gunnarsson kjörinn formaður, og tók við af Kristni Magnússyni.

Kröfugerð BÍ í komandi kjarasamningaviðræðum var kynnt fyrir viðsemjendum í desember.

Um miðjan desember kom út þriðja bindið í ritröð BÍ um íslenzka blaðamenn. Bókin ber titilinn „Af lífi og sál“ en í henni er rætt við tólf valinkunna blaðamenn. Guðrún Guðlaugsdóttir skráði. Nánar er fjallað um bókina í frétt hér í blaðinu.

Þátttaka í alþjóðastarfi

Eins og vera ber tók félagið virkan þátt í alþjóðastarfi hagsmunasamtaka blaðamanna á árinu, sem endranær. Formaður og eftir atvikum varaformaður sóttu fundi sambands norrænu blaðamannasamtakanna NJF, Evrópusamtakanna EFJ og alþjóðasamtakanna IFJ. Það sem helzt bar til tíðinda á þessum fundum er óánægja norrænu félaganna, BÍ þar með talið, með það hvernig forysta IFJ hefur kosið að halda á málum er varða rússnesku blaðamannasamtökin, en þau hafa stofnað héraðsfélög á hernumdum svæðum Úkraínu sem síðan hafa fengið aðild að IFJ, athugasemdalaust af hálfu stjórnenda þar. Óánægju norrænu samtakanna má reyndar rekja aftur til þess er rússneska blaðamannafélagið stofnaði héraðsdeild í Abkasíu, héraði í Georgíu sem Rússar hafa haldið hernumdu síðan árið 2008. Viðræður við stjórnendur IFJ hafa engu skilað og munu norrænu félögin nú alvarlega íhuga að segja sig úr IFJ í mótmælaskyni. Uppsögn aðildar tæki gildi sex mánuðum eftir að tilkynnt er um hana formlega, og á þeim tíma yrðu félagsmenn BÍ að samþykkja hana – ásamt breytingu á lögum félagsins sem að óbreyttu kveða á um aðild að IFJ.

Eitt og annað fleira

Vert er einnig að nefna að félagið sendi á árinu inn umsagnir um drög að ýmsum reglubreytingum stjórnvalda sem varða hagsmuni blaðamannastéttarinnar, svo sem um upplýsinga-



Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri talar á fundinum með blaðamönnum í sal BÍ í nóvember. *Mynd: Kristinn Magnússon*



Aðalsteinn Kjartansson, varaformaður BÍ, í ræðustóli á ársfundi IFJ í Oman í byrjun júní. *Mynd: SDA*



Gestir fylgdust vel með dagskrá Blaðamannadagsins í sal BÍ 1.apríl. *Mynd: Hari*

stefnu stjórnvalda, breytingar á ákvæðum laga um hatursorðræðu og um frumvarp um framlengd lög um fjömiðlastyrki.Þá hefur á árinu staðið yfir samráð við Dómstólasýsluna um aðgengi blaðamanna að gögnum dómstóla. Því samráði verður haldið áfram á nýju ári. Blaðamenn lögðu sitt af mörkum til opinberrar umræðu á árinu, m.a. með þátttöku í pallborðsumræðum um upplýsingaóreiðu og tengd mál á málþingum í HÍ og víðar.

Salur BÍ í Síðumúlanum var vel nýttur á árinu, t.d. fór þar fram í október námskeið Norrænu blaðamennskumiðstöðvarinnar NJC um loftslagsmálablaðamennsku, með þátttöku 32 norrænna blaðamanna.

Siðanefnd BÍ felldi venju fremur marga úrskurði á árinu, eins og nánar má lesa um á bls 18, og í grein Friðriks Þórs Guðmundssonar hér í blaðinu. Faglegt innra starf félagsins á árinu beindist reyndar ekki síst að endurskoðun siðareglna félagsins, eins og Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður fjallar um íannarri grein. Nefna má loks í þessu samhengi að í október birtist á Press.is viðtal sem Auðunn Arnórsson tók við Stefán Eiríksson útvarpsstjóra um nýjar siðareglur RÚV. Stefnt er að því að greidd verði atkvæði um nýjar siðareglur BÍ á aðalfundi í vor.

Tveir blaðamenn sem voru báðir mjög virkir í starfi BÍ féllu frá á árinu: Arna Schram, sem var varaformaður félagsins 2003 til 2005 og síðan formaður til ársins 2009, og Jóhannes Tómasson, sem gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið á löngum ferli. Félagið þakkar þeim óeigingjarnt framlag í gegnum árin.

Auðunn Arnórsson skráði.

Laun eru nú 23% undir viðmiði frá 2012

Um niðurstöður launakönnunar BÍ 2022



Auðunn Arnórsson verkefnastjóri
Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður BÍ

Grunnlaun blaðamanna hafa dregist aftur úr almennri launaþróun á síðustu tíu árum um sem nemur 23 prósentum, en sé miðað við þróunina síðustu fjögur ár er munurinn mun minni, eða um fimm prósent. Þetta er meðal helstu niðurstaðna sem lesa má út úr niðurstöðum nýrrar launakönnunar, sem ráðgjafarfyrirtækið Intellecta gerði í haust meðal fastráðinna blaðamanna á ritstjórnum og fréttastofum með fleiri en 5 starfsmenn. Þetta er þriðja slíka könnunin sem Intellecta gerir fyrir BÍ á síðustu 10 árum – 2012, 2018 og nú 2022. Svörunin að þessu sinni var svipuð og áður, sérfræðingar Intellecta höfðu gild svör að vinna úr frá 45% þeirra 315 sem fengu könnunina senda.

Þegar lykiltölur úr þessum síðustu þremur launakönnunum eru bornar saman kemur í ljós að grunnlaun hafa ekki hækkað í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Ef laun hefðu samkvæmt launakönnun árið 2012 haldið í við launaþróun (launavísitölu Hagstofunnar) ættu grunnlaun að vera 23 prósentum hærri að meðaltali. Ef við berum einungis saman árin 2018 og 2022 hafa blaðamenn dregist aftur úr öðrum stéttum um sem nemur um fimm prósentustigum.

Talsvert launaskrið

Raunlaun blaðamanna hafa þó þróast með jákvæðari hætti en taxtalaunin samkvæmt síðustu kjarasamningum; þeir hafa því notið launaskriðs líkt og launafólk í öðrum stéttum. En þetta beinir líka athyglinni að því að launataxtar kjarasamninga eru komnir í hrópandi ósamræmi við raunlaun. Það er því mikilvægt að í komandi kjarasamningum verði það eitt af áhersluatriðunum að leiðrétta taxta til samræmis við raunlaun. Ástæðan er ekki síst sú að það er mikilvægt að laða að nýtt fólk í stéttina, og launataxtar sem eru mun lægri en þau raunlaun sem verið er að greiða eru ekki til þess fallin.

Það loðir mjög við opinbera ímynd blaðamennskustarfsins að það sé streituvaldandi og illa launað. En það er ekki á það bætandi ef taxtarnir sýna ekki raunsanna mynd af þeim launum sem þó eru greidd, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja í nýjustu launakönnuninni, en hún byggist á raunlaunum fólks í septembermánuði síðastliðnum.

Enginn launamunur milli kynja!

Meðal annarra eftirtektarverðra niðurstaðna nýju kjarakönnunarinnar er að launamunur kynjanna mælist í raun enginn – konur mælast með um 2 prósentustiga hærri tekjur en karlmenn, yfir það heila, en það er innan skekkjumarka. Þetta er niðurstaðan úr jafnlaunagreiningu, sem Intellecta vann sérstaklega úr gögnum könnunarinnar. Þetta er talsverður viðsnúningur frá síðustu könnun fyrir fjórum árum, þegar enn mældist kynbundinn launamunur uppá fáein prósent, körlum í hag. Í þessu samhengi er vert að halda til haga að konur í blaðamannastétt eru nú að jafnaði meira menntaðar en karlarnir; af þeim kven-blaðamönnum sem þátt tóku í könnuninni að þessu sinni hafa nú nærri níu að hverjum tíu (88%) lokið háskólaprófi, álíka margar BA- og meistaraprófi. Hlutfall háskólamenntaðra karl-blaðamanna er allnokkru lægra, en þó nærri þrír af hverjum fjórum eða 73%.

Hlutfall háskólamenntaðra í blaðamannastéttinni hefur farið hraðvaxandi á síðustu árum, og eins og áðurnefndar tölur sýna er hún tvímælalaust orðin stétt háskólamenntaðra. Yfir heildina eru fleiri en fjórir af hverjum fimm (83%) með meiri menntun en stúdentspróf. 41% eru með BA/BS-próf og 36% með MA/MS-próf eða lengri menntun. Til samanburðar voru 77% með háskólapróf fyrir tíu árum (í launakönnuninni 2012) og einn af hverjum fjórum blaðamönnum með stúdentspróf eða minni menntun en það.

Lítil fylgni milli menntunar og launa

Enn er það þó svo að lítil fylgni er milli menntunar og launa. Eitt af því sem kom á óvart í niðurstöðum könnunarinnar nú er að sá hópur blaðamanna sem er með minnstu menntunina (meðal þeirra sem svöruðu könnuninni nú), þ.e. eingöngu lokið grunnskólaprófi, mælast með hæstu meðallaunin. Að þessum tiltölulega fámenna hópi undanskildum hækka laun við háskólapróf, þótt ekki mælist marktækur launaumunur milli þeirra sem hafa BA/BS-próf og þeirra sem hafa framhalds-háskólamenntun að baki (MA/MS eða meira).

Nokkuð meiri fylgni er mili starfsaldurs og hærri launa, þótt niðurstöðurnar sýni að laun blaðamanna standi í stað eftir að fyrstu 5-6 starfsárunum er náð. Þeir sem eru á starfsaldursbilinu 6-10 ár og bilinu þar á eftir, 11-15 ár, hafa þannig sömu meðallaun. Þeir sem hafa 16-20 ára starfsreynslu mælast þó með nokkru hærri laun, eða um hátt í 20 prósent hærri en starfsaldursbilið þar á undan. Þeir allrareynslumestu, með yfir 20 ára starfsaldur, lækka síðan í

launum samanborið við þá sem hafa 16-20 ára reynslu, og hafa sambærileg laun og þeir sem eru á starfsaldursbilinu 6-15 ár.

Meðalstarfsaldur mælist lágur

Gögnin sýna að meðalstarfsaldur í blaðamannastétt er lágur. Um það bil jafnmargir hafa unnið skemur en fimm ár í blaðamennsku og þeir sem hafa unnið í meira en tíu ár; hvor hópur um sig telur um þriðjung allra svarenda í könnuninni. Þetta endurspeglar þá miklu starfsmannaveltu sem einkennir ástandið á flestum vinnustöðum blaðamanna; hlutfall þeirra sem gera blaðamannsstarfið að sínu framtíðarstarfi er lágt. Enda hefur á liðnum árum verið talsverð umræða um atgerfisflótta úr stétt blaðamanna, en með honum tapast augljóslega mikilvæg reynsla og þekking auk þess sem kostnaður atvinnurekenda við að þjálfa sífellt upp nýtt starfsfólk er meiri en ella væri. Reynslumiklir blaðamenn hafa söðlað um og sótt í störf t.d. við almannatengsl, þar sem álag er minna, vinnutíminn styttri og stöðugri og launin hærri. Það ættu því að vera sameiginlegir hagsmunir blaðamanna og atvinnurekenda að fleiri sjái sér hag í að gera starfið að raunverulegu framtíðarstarfi – en með því þurfa kjör og starfsaðstæður reynslumeira fólks í stéttinni að batna.

Misvísandi svör um vaktaálag

Meðal annarra atriða sem vekja umhugsun þegar niðurstöður úr launakönnuninni eru skoðaðar er að áberandi misvísandi svör er þar að finna við spurningu um hvort vaktaálag sé hluti af föstum launum – 25 prósent svarenda segja að svo sé, 56 prósent að svo sé ekki. Eftir að hafa rýnt í gögnin grunar okkur að margir svarendur gefi upp föst laun sem í raun innihalda vaktaálag, en virðast ekki gera sér grein fyrir að svo sé. Þetta er bagalegt þar sem þetta kann að skekkja samanburðinn við laun annarra stétta. Slíkur samanburður byggir á því að fyrir liggi upplýsingar um raunlaun fyrir dagvinnu, án vaktaálags.

Samkvæmt niðurstöðunum er miðgildi heildarlauna allra svarenda 785 þúsund kr. Það þýðir að helmingur aðspurðra var með laun undir þeirri tölu og helmingur yfir. 75% mörkin voru 902 þúsund kr. og 25% mörkin 675 þúsund. Það segir okkur að fjórðungur aðspurðra í könnuninni er með laun undir þeim mörkum. Í meðfylgjandi töflu má sjá allar þessar tölulegu upplýsingar um launadreifinguna, bæði miðað við föst laun og heildarlaun.


Skýr forgangsröðun krafna

Kröfugerð félagsins fyrir komandi kjarasamningaviðræður mun að sjálfsögðu byggja að miklu leyti á niðurstöðum launakönnunarinnar. Forgangsröðun félagsmanna sem svöruðu könnuninni var líka býsna skýr: Út úr fjölvalsspurningu um hvaða atriði svarendur vildu leggja mesta áherslu á í næstu kjarasamningum kom þetta:

50,3% almennar launahækkanir
42,1% hækkun taxtalauna
31,5% lengra orlof
29,4% styttri vinnutíma
24,8% atvinnuöryggi

Þessi forgangsröðun mun að sjálfsögðu endurspeglast í kröfugerð BÍ í komandi kjarasamningaviðræðum, en margir aðrir þættir hafa áhrif á kröfugerðina.

Meðallaun eftir starfsaldri



Kjarakönnun 2022

	Grunnlaun, kr				Heildarlaun, kr				
	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk	Fjöldi
Allir svarendur	620.000	741.515	697.562	844.156	675.000	806.088	785.000	902.000	**129**
Kyn:									
Karl	622.500	**736.765**	690.000	**844.438**	677.500	**808.340**	785.000	**937.771**	**74**
Kona	620.000	**748.586**	725.875	**816.587**	656.531	**802.497**	785.875	**889.851**	**55**
Hvaða námi hefur þú lokið?									
Grunnskólaprófi	681.787	**802.499**	750.000	**877.825**	785.543	**908.060**	900.000	**962.875**	**9**
Stúdentsprófi	600.000	**647.248**	622.500	**691.715**	605.000	**672.848**	691.644	**728.750**	**13**
BA/BS námi	615.250	**745.850**	701.500	**868.000**	689.500	**824.612**	806.865	**941.657**	**53**
MA/MS eða lengra námi	635.358	**760.850**	713.827	**845.000**	692.500	**822.941**	819.350	**901.500**	**46**
Öðru	636.038	**654.504**	650.000	**678.000**	612.771	**627.560**	662.500	**679.500**	**8**
Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku									
Skemur en 1 ár	540.197	**559.753**	591.612	**593.956**	540.197	**617.477**	593.956	**731.500**	**5**
1-5 ár	610.864	**659.022**	633.810	**700.750**	617.539	**712.568**	696.500	**777.500**	**35**
6-10 ár	600.000	**725.282**	665.438	**791.250**	650.000	**793.489**	750.000	**850.000**	**23**
11-15 ár	672.918	**735.734**	720.875	**828.452**	742.868	**834.499**	845.312	**936.107**	**18**
16-20 ár	735.000	**883.883**	864.000	**980.000**	837.315	**927.756**	899.688	**1.047.353**	**20**
20 ár eða fleiri	681.197	**765.869**	714.827	**875.656**	719.715	**838.240**	815.500	**964.683**	**28**
Ábyrgð									
Almennur blaða-/fréttamaður	600.000	**675.620**	636.905	**705.195**	627.500	**737.754**	703.000	**804.365**	**71**
Vaktstjóri	678.000	**713.306**	715.875	**750.000**	765.000	**886.430**	902.000	**950.000**	**9**
Annað ábyrgðar- eða yfirmannsstarf	745.000	**859.011**	860.125	**915.000**	795.272	**893.888**	890.000	**1.005.000**	**40**
Annað	664.269	**753.415**	703.394	**847.500**	687.500	**845.363**	777.500	**995.000**	**9**
Launafyrirkomulag, á mánuði									
Föst laun, yfirvinna innifalin	696.144	**823.345**	830.000	**899.688**	727.671	**850.598**	839.200	**959.906**	**65**
Föst laun, yfirvinna tekin út í fríum	604.592	**639.734**	632.538	**656.378**	614.000	**659.135**	637.813	**707.250**	**24**
Taxti, yfirv. tekin út í fríum en greitt f. yfirv. álag	695.447	**717.947**	720.000	**742.500**	755.000	**872.955**	780.000	**897.955**	**5**
Taxti, greitt fyrir unna yfirvinnu	593.709	**661.158**	669.000	**693.844**	700.000	**808.560**	795.272	**898.851**	**1**
Verktaki									**1**
Ekkert svar									**1**
Hvenær er fasti launahlutinn greiddur?									
Fyrirfram	626.769	**736.580**	680.500	**856.344**	681.000	**812.050**	808.730	**900.000**	**99**
Eftirá	620.000	**742.721**	700.781	**826.647**	663.406	**804.665**	779.438	**902.292**	**24**
Ekkert svar									**6**
Hversu marga yfirv.tíma vannst þú í sept.									
0 klst.	617.000	**704.062**	680.000	**740.000**	617.000	**725.557**	680.000	**740.000**	**15**
1-10 klst.	603.342	**667.247**	676.500	**719.656**	636.500	**714.896**	730.000	**762.500**	**27**
11-20 klst.	678.750	**796.587**	787.938	**873.400**	729.031	**844.934**	835.000	**937.500**	**27**
21-30 klst.	615.000	**772.075**	667.563	**897.500**	720.000	**847.252**	828.700	**975.500**	**17**
31-40 klst.	635.436	**746.994**	771.144	**860.500**	860.219	**941.959**	916.585	**1.022.330**	**10**
Fleiri en 40 klst.	726.918	**805.193**	840.000	**868.406**	840.000	**915.935**	857.875	**968.336**	**8**
Ekkert svar									**25**
Er vaktaálag hluti af launum þínum?									
Já	612.000	**703.329**	675.000	**787.875**	676.122	**824.406**	800.000	**962.875**	**33**
Nei	635.358	**761.881**	700.781	**850.000**	673.938	**803.270**	760.000	**895.125**	**78**
Ekkert svar									**18**

Tímabær endurskoðun siðareglna


Sigríður Dögg Auðunsdóttir

Undanfarið ár hefur vinnuhópur unnið að endurskoðun siðareglna BÍ. Tillögur hópsins að nýjum siðareglum eru nú lagðar fram til kynningar og umræðu. Núgildandi siðareglur BÍ tóku gildi árið 1991 og hafa því verið óbreyttar í rúm þrjátíu ár. Þær hafa í raun lítið breyst frá því þær voru fyrst samþykktar árið 1965, en Friðrik Þór Guðmundsson fer ítarlega yfir sögu siðareglna og afstöðu blaðamanna til þeirra í grein hér í blaðinu. Í stuttu máli má segja að árangurslausar atlögur hafi verið gerðar að breytingum á siðareglunum frá 2005 enda gætti verulegrar óánægju innan stéttarinnar með tiltekin ákvæði þeirra. Gagnrýnin laut almennt að því að reglurnar væru ekki nægilega skýrar og vel upp settar og ákvæði þóttu huglæg og matskennd – afstæð – svo sem ákvæði um tillitsemi.

Samhljómur meðal blaðamanna um áherslur

Fljótlega eftir að nýr formaður tók við vorið 2021 hófst umræða á ný um nauðsyn þess að endurskoða siðareglurnar. Haustið 2021 auglýsti formaður eftir áhugasömum í vinnuhóp um endurskoðun siðareglna sem kom fyrst saman í nóvember 2021 og hefur hist um átta sinnum síðan. Starfandi blaðamenn, félagsmenn í BÍ, voru boðnir velkomnir að starfa með hópnum. Það voru um 10-12 manns sem komu að starfi hópsins. Friðrik Þór Guðmundsson sérfræðingur var ráðgjafi hópsins. Hann kynnti á fyrsta fundi niðurstöður úr skoðanakönnun meðal blaðamanna um siðareglur sem meðal annars sýndu fram á vilja meirihluta blaðamanna í þá veru að vert væri að einfalda og skýra reglurnar, eins og nánar er skýrt frá hér í þessu tölublaði. Var það leiðarljós vinnu hópsins.

Þörf á að skerpa á hugtökum, gildum og vinnubrögðum

Við endurskoðunina var horft til núgildandi siðareglna – en einnig til siðareglna Alþjóðasambands blaðamanna (IFJ), auk siðareglna í löndunum í kringum okkur, svo sem hinna Norðurlandanna, Bretlands, Belgíu og fleiri landa. Þá var horft til breytt umhverfis fjölmiðla og breyttrar stöðu blaðamanna með nýjum miðlunarleiðum. Þá hefur umræða um upplýsingaóreiðu og falsfréttir skapað þörf á að skerpa á ákveðnum hugtökum, gildum og vinnubrögðum til þess að auðvelda blaðamönnum og almenningi að gera greinarmun á faglegri blaðamennsku og annarri miðlun hvers kyns upplýsinga.

Kallað eftir athugasemdum og umræðu

Siðareglur þessar eru hér kynntar í fyrsta skipti opinberlega, þótt allir félagsmenn hafi haft möguleika á að kynna sér þær í öllu ferlinu með þátttöku í fundum hópsins. Um er að ræða tillögu að breytingum sem hópurinn vonast til að geti skapast góð og málefnaleg umræða um og í framhaldinu góð sátt. Við hvetjum ykkur öll til þess að kynna ykkur tillögurnar vandlega því siðareglur BÍ eru leiðarvísir sem blaðamenn styðjast daglega við í sinni vinnu og rammar inn þau faglegu gildi og reglur sem stéttin starfar samkvæmt.

Blaðamannafélag Íslands hefur stofnað sérstakt netfang þar sem tekið er á móti athugasemdum: *sidareglur@press.is*. Einnig hefur verið sett upp athugasemdakerfi á press.is *(https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/endurskodun-sidareglna)* þar sem koma má á framfæri ábendingum. Þá mun félagið ennfremur halda kynningar- og umræðufund um þessar tillögur í janúarmánuði 2023. Um nýjar siðareglur verður síðan kosið á næsta aðalfundi, sem haldinn verður í apríl.

Hér til hliðar birtast núgildandi siðareglur og tillögurnar að nýjum siðareglum til samanburðar. Hér að neðan eru útskýringar vinnuhópsins um hverja grein tillagnanna sem ætlað er að setja í samhengi þær breytingar sem lagðar eru til og að vera innlegg í faglega umræðu um þessar tillögur.

Til viðbótar siðareglum munum við einnig vinna leiðbeiningar um góða starfshætti í viðkvæmum málefnum, sem verða vistaðar á press.is.

Tillaga vinnuhóps að nýjum siðareglum

Inngangur

Öflug og vönduð blaðamennska, þar sem tjáningarfrelsið er í fyrirrúmi, er forsenda lýðræðis. Vönduð blaðamennska byggir á faglegum vinnubrögðum sem siðareglum þessum er ætlað að ramma inn. Í þeim er lögð áhersla á að frumskylda blaðamanns er gagnvart almenningi sem á rétt á að fá sannar upplýsingar settar fram á sanngjarnan og heiðarlegan hátt. Blaðamönnum og stjórnendum ber að þekkja og tileinka sér þessar siðareglur í störfum sínum.

1. grein

Blaðamaður hefur sannleikann að leiðarljósi, stendur vörð um tjáningarfrelsið, frjálsa fjölmiðlun og rétt almennings til upplýsinga.

– Hópnum fannst mikilvægt að fyrsta grein rammi inn grundvallarhlutverk blaðamennsku og leggi áherslu á tjáningarfrelsið, upplýsingarétt almennings og minni á frumskyldu blaðamannsins, sem er að segja sannleikann. Okkur fannst einnig mikilvægt að taka það fram að blaðamönnum beri að standa vörð um fjölmiðlafrelsið.

2. grein

Blaðamaður setur fram upplýsingar á heiðarlegan og sanngjarnan hátt samkvæmt bestu vitund hverju sinni, meðal annars með því að leita andstæðra sjónarmiða þegar við á. Blaðamaður hagræðir ekki staðreyndum og setur ekki fram órökstuddar ásakanir.

– Hópnum fannst mikilvægt að hér væri ákvæði um heiðarleika og sanngirni en vildum jafnframt árétta að þótt nýjar upplýsingar geti komið fram síðar sem varpa öðru ljósi á mál er mikilvægt að minna á að upplýsingar sem blaðamaður setur fram eru samkvæmt bestu vitund hverju sinni. Ennfremur fannst okkur mikilvægt að taka það fram að þó svo að ákvæði um andstæð sjónarmið sé mikilvægt á það sannarlega ekki alltaf við. Þetta ákvæði kemur í stað ákvæðis um nafnbirtingar - upplýsingar þurfa að vera settar fram á sanngjarnan hátt og á það einnig við um nafnbirtingar. Það þurfa að vera gild rök fyrir nafnbirtingum hverju sinni og er með þessari breytingu ekki verið að leggja til breytingu á þeirri hefð sem myndast hefur um nafnbirtingar sbr. úrskurði siðanefndar BÍ þar að lútandi.

3. grein

Blaðamaður gerir það sem í hans valdi stendur til þess að leiðrétta rangfærslur.

– Hópurinn taldi mikilvægt að setja inn ákvæði um leiðréttingar enda er það mikilvægt til að viðhalda trausti almennings á fjölmiðla að þeir leiðrétti þegar þeir fara rangt með.

4. grein

Blaðamaður lítur svo á að allar upplýsingar sem varða almannahagsmuni eigi að vera aðgengilegar og að hann eigi að fá fullt frelsi til að afla þeirra.

– Þetta ákvæði er til að árétta mikilvægi þess að blaðamaður fái aðgang að upplýsingum sem varða almenning og að blaðamaður hafi frelsi til að afla þeirra, líkt og dómstólar hafa þegar kveðið á um.

5. grein

Blaðamaður beitir ekki hótunum eða hvers konar þvingunum til þess að afla upplýsinga.

– Þetta er nýtt ákvæði sem hópnum fannst mikilvægt að hafa inni.

6. grein

Blaðamaður gerir greinarmun á staðreyndum og skoðunum, gengur úr skugga um áreiðanleika upplýsinga og gætir þess að umfjöllunin sé hlutlæg.

– Hópnum fannst mikilvægt að bæta inn ákvæði þar sem gerður er greinarmunur á staðreyndum og skoðunum og árétta nauðsyn þess að blaðamaður kanni sjálfur áreiðanleika upplýsinganna sem hann er að vinna með. Einnig er hér sé sett inn ákvæði um hlutlægni, til þess að tryggja að fréttir séu ekki settar fram með það fyrir augum að reka áróður fyrir tilteknum skoðunum eða málflutningi.

7. grein

Blaðamaður gætir þess að þegar hann vitnar til ummæla eða upplýsinga sem birst hafa opinberlega, þar á meðal á samfélagsmiðlum, sé þess getið hvaðan ummælin voru fengin.

– Þetta er líka nýtt. Við vildum reyna að ná utan um þau tilvik þar sem vitnað er í ummæli eða stöðuuppfærslur á samfélagsmiðlum; að þegar það er gert þá sé þess skýrt getið í fréttinni.

8. grein

Blaðamaður virðir trúnað við heimildarmenn sína.

– Óbreytt, nema tókum út orðið „nauðsynlegan“ sem segir sig sjálft.

9. grein

Blaðamaður þiggur ekki mútur, gjafir eða hvers kyns fyrirgreiðslu sem ætlað er að hafa áhrif á umfjöllun hans. Blaðamaður forðast hagsmunaárekstra og gerir grein fyrir tengslum við umfjöllunarefnið ef við á. Blaðamaður tekur ekki þátt í verkefnum sem kynnu að stofna sjálfstæði hans og trúverðugleika í hættu og nýtir ekki upplýsingar í eigin þágu.

– Skýrðum betur ákvæði um mútur og hagsmunaárekstra svo það fari ekki á milli mála.

10. grein

Blaðamaður gerist ekki sekur um ritstuld.

– Bættum inn ákvæði um ritstuld.

11. grein

Blaðamaður blandar ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum í myndum og/eða máli.

– Þetta er ákvæði úr núgildandi reglum sem fær nú að standa eitt.

12. grein

Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna. Blaðamaður gætir þess að persónulegar skoðanir hans hafi ekki áhrif á hlutlægni fréttaflutnings.

– Þetta er lítið breytt ákvæði úr núgildandi reglum en bætt var við setningu um að blaðamanni ber að gæta þess að persónulegar skoðanir hafi ekki áhrif á hlutlægni fréttaflutnings

13. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ samkvæmt sérstökum reglum þar um.

– Setjum sérstakar reglur um vinnulag Siðanefndar sbr. þær sem eru í 6. grein núgildandi reglna.

Núgildandi siðareglur

Í starfi sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur mannlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starf blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.

Siðanefndin tekur kæruna fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er.

Taki Siðanefnd kærumál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

a) ámælisvert
b) alvarlegt
c) mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum.

Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu frétta af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vítur á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Samþykkt með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991

Siðareglur blaðamanna

Einfalt og praktískt!


Friðrik Þór Guðmundsson

Starfandi íslenskir blaðamenn vilja draga úr hömlum. Yfir helmingur starfandi blaðamanna vill einfaldari siðareglur og praktískari en nú er. Þetta er á meðal athyglisverðustu niðurstaðna í Íslandshluta The Worlds of Journalism Study (WJS) rannsóknar sem hérlendis fór fram 2021. Þessar niðurstöður liggja fyrir á sama tíma og vinnuhópur á vegum BÍ vinnur að endurskoðun siðareglna BÍ, sem staðið hafa óbreyttar í rúma þrjá áratugi og hefur höfundur komið að vinnu hópsins sem ráðgjafi.

Höfundur kom spurningu að í WJS-rannsókninni sem hefur beina skírskotun til viðleitni BÍ til endurskoðunar siðareglna BÍ. Honum þótti umræður um efnislega endurskoðun, sem fram fóru á árabilinu 2006-2012, hafa leitt til fjögurra megin viðhorfa um æsktar breytingar á siðareglunum; í fyrsta lagi að ekki ætti að breyta siðareglunum, utan að lagfæra orðalag og röðun efnisatriða. Í öðru lagi að gera siðareglurnar ítarlegri og þá í takt við nálgun í flestum vestrænum ríkjum. Í þriðja lagi komu fram hugmyndir um að einfalda siðareglurnar, þ.e. láta þær snúast fyrst og fremst um áþreifanleg (konkret) vinnubrögð, frekar en um huglæg matsatriði. Í fjórða og síðasta lagi kom fram einstaka rödd um að BÍ ætti ekki að hafa siðareglur (og þá siðanefnd). Í rannsókninni 2021 voru svarendur beðnir um að velja á milli þessara kosta:

Ef breyta ætti siðareglum Blaðamannafélags Íslands (BÍ), hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir viðhorfi þínu best?

1. Það á að breyta siðareglunum sem minnst en þó má lagfæra orðalag og uppsetningu.
2. Það á að einfalda núverandi siðareglur, leggja áherslu á atriði eins og hagsmunaágreining og ritstuld, en afnema ákvæði sem byggja að mestu leyti á huglægu mati eins og tillitsemi.
3. Það á að hafa siðareglurnar viðameiri og taka upp ýmis ákvæði frá erlendum siðareglum.
4. Það er ekki þörf á sérstökum siðareglum fyrir BÍ.

Í ljós kom að 54% starfandi blaða- og fréttamanna (56% meðal BÍ-félaga) völdu einfalda/konkret kostinn og skipti í því sambandi litlu máli hvort svarandi væri félagsmaður í BÍ eða ekki *(sjá mynd 1)*. Um 27% völdu „breyta sem minnst“ kostinn. Einungis 14% töldu rétt að gera siðareglur BÍ ítarlegri og 5% vildu engar siðareglur hjá BÍ. Horft frá ákveðnu sjónarhorni má líka lýsa þessu svona: Um 60% vildu „einfaldari“ eða „engar“ siðareglur, en um 40% vildu „ítarlegri“ eða „lítt/óbreyttar“ siðareglur. Rétt er í þessu sambandi að hafa í huga að rannsóknin var á meðal starfandi blaða- og fréttamanna og því utan hennar ýmsir félagsmenn með atkvæðisrétt á aðalfundum BÍ, svo sem þeir sem eru komnir á eftirlaun eða hafa farið til annarra starfa en eru enn félagar.:

Mynd 1

Æskilegar breytingar á siðareglum BÍ			
	BÍ-fél. fj./%	Aðrir fj./%	Allir fj./%
Br. sem minnst	27 (28%)	10 (24%)	37 (27%)
Einfalda/konkret	35 (56%)	20 (48%)	73 (54%)
Viðameiri siðareglur	11 (12%)	8 (20%)	19 (14%)
Engar siðareglur	4 (4%)	3 (7%)	7 (5%)
Alls	95	41	136

Áhrif siðareglna BÍ á daglegu störfin

Í netkönnuninni var spurt um áhrif siðareglna BÍ á dagleg störf blaða- og fréttamanna *(sjá mynd 2)*. Í svörum við spurningunni: „Hversu mikil eða lítil áhrif telur þú að siðareglur Blaðamannafélags Íslands hafi almennt á dagleg störf íslenskra blaða- og fréttamanna?“ kom fram afstaða sem ekki getur talist traustsyfirlýsing á gildandi siðareglum BÍ og voru efasemdirnar raunar meiri hjá BÍ-félagsfólki sjálfu en fagmönnum utan BÍ.

Af öllum svarendum sögðu 48% þeirra að áhrif siðareglna BÍ væru lítil eða engin. Einungis fjórða hverjum starfandi blaða- og fréttamanni þykir þessi áhrif vera mjög eða frekar mikil. Nokkuð mikill samhljómur var meðal blaða- og fréttamanna að því leyti að svör fólks innan eða utan BÍ voru mjög ámóta. Og stór hluti af „öðrum“ í þessum tölum er síðan genginn í BÍ með sameiningu félagsins og Félags fréttamanna.

Mynd 2

Áhrif siðareglna BÍ á dagleg störf blaða- og fréttamanna			
	BÍ-fél. fj./%	Aðrir fj./%	Allir fj./%
Mikil (fj./mj.)	31 (26%)	15 (22%)	46 (24%)
Hvorki/né	30 (25%)	22 (33%)	52 (28%)
Engin	31 (50%)	30 (44%)	91 (48%)
Alls	122	67	189

Almennar siðareglur versus siðareglur BÍ

Í rannsókninni var einnig að finna spurningu um áhrif siðareglna almennt fyrir fagstéttina (sem sagt ekki siðareglur BÍ sérstaklega), með staðlaðri spurningu sem hægt er að bera saman við svör frá 2012. Þar koma sterkar vísbendingar fram um að siðareglur teljist hafa minnkandi áhrif á störf blaða- og fréttamanna. Þeim sem finnst áhrif siðareglna almennt í faginu vera mjög mikil eða töluverð hefur fækkað milli 2012 og 2021 úr 64% í 51% og þeim sem finnst þessi áhrif lítil eða engin hefur fjölgað úr 14% í 29%.

Þannig blasir við að þegar spurt er um siðareglur fagstéttarinnar almennt *(sjá mynd 3)* telur annar hver blaða- og fréttamaður þau vera mjög mikil eða töluverð, en þegar spurt er um siðareglur BÍ sérstaklega telur fjórði hver blaða- og fréttamaður þau vera mjög eða frekar mikil. Höfundi þykir það röklegur gildisdómur að álykta sem svo, að gildandi siðareglur BÍ mæti ekki væntingum fagstéttarinnar sem skyldi.

Mynd 3

Áhrif siðareglna í blaða- og fréttamennsku						
	2012	%	%	2021	%	%
Mjög mikil	56	32%		55	24%	
Töluverð	58	32%	64%	63	27%	51%
Nokkur	37	21%	21%	47	19%	19%
Lítil	20	11%	14%	49	21%	29%
Engin	5	3%		19	8%	
Á ekki við	2			3	1%	1%
Alls	178			232		

Áhrif úrskurða Siðanefndar BÍ

Þá þótti höfundi fengur í því að fá svör við því hvort úrskurðir Siðanefndar BÍ hefðu áhrif á störf blaða- og fréttamanna. Spurt var: *Hversu mikil eða lítil áhrif telur þú að úrskurðir Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands hafi á störf íslenskra blaða- og fréttamanna?*

Í svörunum *(sjá mynd 4)* koma miklar efasemdir fram um þessi áhrif og þá burtséð frá félagsaðild að BÍ; um 19% svöruðu „engin“ eða „mjög lítil“ og þegar „frekar lítil“ bætast við fer hlutfallið upp í 43%. Um 28% telja áhrif úrskurðanna mjög eða frekar mikil. Hér er eftirtektarvert að efasemdirnar um slík áhrif mælast meiri meðal BÍ-félaga en blaða- og fréttamanna utan BÍ.

Mynd 4

Áhrif úrskurða Siðanefndar á störf blaða- og fréttamanna			
	BÍ-fél. fj./%	Aðrir fj./%	Allir fj./%
Mikil (fj./mj.)	33 (27%)	21 (31%)	54 (28%)
Hvorki/né	33 (27%)	20 (29%)	53 (28%)
Lítil	28 (23%)	18 (26%)	46 (24%)
Mjög lítil/engin	27 (22%)	19 (13%)	36 (19%)
Alls	121	68	189

Innanhússreglur versus siðareglur fagstéttarinnar

Í Netkönnuninni var spurt um innanhússreglur fjölmiðlanna og leitast við að meta hvort þær væru fagmönnum meira eða minna virði en siðareglur fagstéttarinnar *(sjá mynd 5)*. Í ljós komu mjög skiptar skoðanir í svörum við spurningunni: „Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu:

„Innanhúss siða- og verklagsreglur fjölmiðla skipta meira máli en siðareglur BÍ“.“

Svarendur skiptust nokkurn veginn jafnt í þrennt; 33% mjög eða frekar sammála (Innanhússreglu-megin), 29% voru mjög eða frekar sammála (siðareglu-megin) en 38% sögðust hvorki sammála né ósammála. Ég leyfi mér að fella þann röklega gildisdóm að þarna á milli ríki í raun jafnræði; að þessar reglur eigi að fara hönd í hönd.

Mynd 5

„Innanhúss siða- og verklagsreglur fjölmiðlanna eru mikilvægari...“				
	BÍ-fél. fj./%	Aðrir fj./%	Allir fj./%	
Mjög sammála	18 (15%)	10 (15%)	28 (15%)	
Fr. sammála	15 (13%)	17 (26%)	32 (18%)	33%
Hvorki/né	46 (39%)	24 (36%)	70 (38%)	38%
Fr. ósammála	25 (21%)	9 (14%)	34 (19%)	29%
Mj. ósammála	13 (11%)	6 (9%)	19 (10%)	
Alls	117	66	183	100%

Eiga fagleg viðmið alltaf að ráða?

Siðferðileg mörk og viðmið eru sjálfsagt alltaf umdeilanleg og gömul er sú rimma, hvort siðareglur eigi að vera „heilagur sáttmáli“ með hástemmdum heitstrengingum eða fyrst og fremst praktískar leiðbeiningar út frá faglegum forsendum. Höfundur hallast að því að áherslan í nútímanum sé öllu meiri á „praktíska“ kostinn, en aftur á móti er í sjálfu sér hægt að vera beggja megin borðs í þeim efnum!

Þannig er það ekki gefið að vilji til að framfylgja stranglega siðareglum eigi endilega við um allar aðstæður. Á *myndum 6 og 7* má sjá svör um afstöðu til tveggja fullyrðinga, sem í fljótu bragði virðast vera mótstæðar með öllu. Annars vegar fullyrðingin *„Fagleg viðmið ættu ávallt að ráða hvað telst vera siðferðislega rétt fyrir blaða- og fréttamenn að gera,* ***óháð aðstæðum og persónulegum skoðunum“*** og hins vegar fullyrðingin *„Fagleg viðmið ættu að ráða hvað telst vera siðferðislega rétt fyrir blaða- og fréttamenn að gera* ***nema óvenjulegar aðstæður krefjist að vikið sé frá þeim“.***

En það er hægt að vera sammála báðum fullyrðingunum! 87% svarenda reyndust mjög eða frekar sammála fyrri fullyrðingunni (fagleg prinsipp ráði alltaf) en 60% mjög eða frekar sammála síðari fullyrðingunni (aðstæður geta spilað inn í).

Mynd 6

Sp.: Fagleg viðmið ættu ávallt að ráða hvað telst vera siðferðislega rétt fyrir blaða- og fréttamenn að gera, óháð aðstæðum og persónulegum skoðunum.

	Fj.	%	
Mjög sammála	3	1%	3%
Fr. sammála	5	2%	
Hvorki/né	24	10%	10%
Frekar ósammála	82	34%	87%
Mjög ósammála	130	53%	
Alls	244		

Mynd 7

Sp.: Fagleg viðmið ættu að ráða hvað telst vera siðferðislega rétt fyrir blaða- og fréttamenn að gera, nema óvenjulegar aðstæður krefjist að vikið sé frá þeim.

	Fj.	%	3 flokkun
Mjög ósammála	23	10%	
Fr. ósammála	22	9%	Ósammála: 19%
Hvorki/né	50	21%	Hvorki/né 21%
Frekar sammála	75	31%	Sammála 60%
Mjög sammála	68	29%	
Alls	238		

Læt ég þetta duga um svörin í WJS-rannsókninni. Að beiðni formanns félagsins hef ég hins vegar tekið saman og uppfært nokkrar lykiltölur og staðreyndir sem ég tók saman í grein í Blaðamanninn í desember-hefti 2015, þá í tilefni af hálfrar aldar afmæli siðareglanna.

Söguleg upprifjun

Blaðamenn Íslands hafa haft yfir sér siðareglur frá 9. maí 1965 eða í rúm 57 ár. Um þessar mundir eru kærð mál komin í alls 291 hjá Siðanefnd BÍ og er meðaltalið því 5 mál á ári. Siðareglurnar hafa breyst lítið frá upphafi, en það er skoðun höfundar að í raun hafi mikið breyst – með breyttum tíðaranda, aukinni fagmennsku og umturnuðu fjölmiðlaumhverfi hefur túlkun á hinum „fábrotnu“ siðareglum breyst töluvert.

Hinar fyrstu siðareglur BÍ entust í 21 ár, en þeim var breytt 15. júní 1985 og aftur aðeins 3 árum síðar eða 19. apríl 1988. Enn liðu bara 3 ár en þá tóku gildi núverandi reglur eða 23. mars 1991. Þessar breytingar voru tiltölulega fábrotnar að því leyti að enn er í gildi sú stefnumörkun sem lagt var af stað með í upphafi; að hafa siðareglurnar frekar stuttar og almennar og veita um leið Siðanefndinni gott svigrúm til að túlka reglurnar út frá ýmsum óskráðum reglum og tíðarandanum almennt. Þorsteinn Gylfason, sem lengi átti sæti í siðanefnd, lýsti þessari stefnumörkun svo árið 2004: *„...siðareglur íslenzkra blaðamanna eru almennar reglur, en ekki nákvæm fyrirmæli. Siðareglur annarra þjóða eru miklu ítarlegri en íslenzku reglurnar. ... Þau einkenni á íslenzku reglunum að þær eru stuttar og almennar virðast mér hafa gefizt vel. Þau gefa siðanefnd færi á að bregðast með ferskum hætti við nýjum aðstæðum, og taka tillit til margvíslegra óskráðra reglna á fjölmiðlum og í samfélaginu sem oft breyta miklu um eðli máls“.*

Um breytingar og endurskoðun

Rétt er að greina stuttlega frá þeim breytingum á siðareglunum sem þó hafa orðið. Árið 1985 var skerpt á ákvæði um vandvirkni, en aðal nýungin fólst í ákvæðum um að forðast hagsmunárekstra og hafa skýr skil milli auglýsingaefnis og ritstjórnarefnis („Kínamúr“). Einnig má nefna viðbætur um að blaðamenn hafi sannfæringu sína að leiðarljósi og gæti fyrst og fremst hagsmuna lesenda (almennings). Mikilvægar breytingar urðu og á viðurlagagreininni; brot voru hér eftir flokkuð eftir alvarleika þeirra (óverulegt, ámælisvert, alvarlegt og mjög alvarlegt) og mögulegar vítur á brotlega komu í stað mögulegrar brottvísunar úr BÍ. Breytingarnar 1988 fólu fyrst og fremst í sér að innleiða þá stefnumörkun að blaðamenn hefðu tjáningarfrelsi – skrif þeirra undir nafni í afmarkaða þætti yrðu ekki kæranleg til siðanefndar. Og breytingarnar 1991 – yfir í núverandi reglur – náðu fyrst og fremst til viðurlagaákvæðisins; tekin voru upp tímamörk (2 mánuðir frá birtingu), sett inn ákvæði um að Siðanefnd tæki ekki til umfjöllunar mál sem rekin væru á sama tíma fyrir dómstólum, kveðið var á um undanþágur frá leiðréttingakröfum og brotaflokkum var fækkað úr fjórum í þrjá („óverulegt“ féll út).

Núverandi reglur hafa gilt síðastliðin 31 ár og er fagstéttin á Íslandi hvað aftast á merinni meðal Evrópuþjóða í þeim efnum. Þrátt fyrir umrótið 1985-1991 hafa siðareglurnar sem í gildi eru af fæstum verið taldar skýrar og vel upp settar. Uppúr 2006 hófst ný umræða um endurskoðun siðareglanna og BÍ setti á fót *Endurskoðunarnefnd (hina fyrri).* Þessi nefnd lagði ekki til róttækar breytingar, skerpti á grundvallarreglunni um sannleiksleitina, stillti efnisatriðum betur upp en byggði að flestöllu leyti á því sem fyrir var. Ákvæði skyldu áfram vera tiltölulega fá og opin fyrir túlkun og breyttum tíðaranda.

Ekki voru allir á eitt sáttir og inn í þessa umræðu kom lærdómurinn af Hruninu 2008. Línur tóku að greinast í tvær ólíkar áttir (að frátöldum röddum um litlar sem engar breytingar vildu). Annars vegar heyrðust raddir þeirra sem vildu **efnismeiri siðareglur**, með áherslum sem þekktust alþjóðlega, en hins vegar þeirra sem vildu **takmarka siðareglur** að mestu við „konkret“ atriði (eins og ritstuld, hagsmunaárekstra o.fl.) en sleppa huglægum, matskenndum atriðum, svo sem er vörðuðu tillitsemi – að valda ekki óþarfa sársauka. Árið 2012 komu fram tillögur frá *Endurskoðunarnefnd hinni síðari* og stjórn BÍ um nýjar og nokkru ítarlegri siðareglur. En einnig kom tillaga frá hópi blaðamanna (samtals 31) að einfaldari siðareglur. Ágreiningur leiddi til samþykktar um skipan *sáttanefndar*, en hún kom þó aldrei saman og þar við sat; endurskoðun siðareglna BÍ hafði síðan legið í salti. Þar til núverandi stjórn setti fyrr á árinu á laggirnar *nýjan vinnuhóp* um endur-

skoðun siðareglanna og er sá hópur langt kominn með drög að siðareglum og við því búist að tillaga komi fram á næsta aðalfundi.

Þróun málafjölda og úrskurða

Á *mynd 8* má sjá tölur um fjölda mála siðanefndar og úrslit þeirra frá upphafi. Af 290 málum hafa 109 þeirra eða tæplega 38% endað með úrskurði um brot á siðareglum. 115 hafa hins vegar endað með úrskurði um að reglurnar hafi ekki verið brotnar eða 40%. Afgangurinn eða 66 mál (23%) hafa endað með frávísun eða öðrum ámóta málalokum (niðurfellingu o.fl.). Ef eingöngu er horft til efnislegra úrskurða er niðurstaðan að 49% kærðra umfjallana enduðu með brotaúrskurði en 51% með „sýknu".

Mynd 8

Úrskurðir SBÍ 1966 - 2022			
Úrskurðir	Fj.	%	% efnisl.
Brot	109	37.6%	48.7%
Ekki brot	115	39.7%	51.3%
Fráv./annað	66	22.8%	-
Alls	290		224

En þessar tölur eru á margan hátt villandi sem lýsing á stöðunni í nútímanum. Annars vegar hafa orðið töluverðar sveiflur í málafjölda eftir tímabilum. Kærufjöldi per starfsár náði hámarki á tímabilinu 1986-1995, en málum fækkaði í kjölfarið. Þeim hefur fjölgað aftur allra síðustu ár. Metfjöldi eins starfsárs er 13 mál 1991-1992 og gæti „metið" fallið á yfirstandandi starfsári – í október 2022 voru málin orðin 11, og þá enn nokkrir mánuðir eftir af starfsárinu 2022-2023.

Á *mynd 9* er búið að skipta úrskurðum upp í tólf 5-ára tímabil og þá sést vel hvernig hlutföllin hafa breyst með áberandi hætti.

Mynd 9

Úrskurðir SBÍ 1966 - 2022* eftir tímabilum**					
Afgreiðsla	BROT	EKKI BROT	FRÁ-vísanir	ALLS	Sakf. % án frávísana
Árabil					Brot% - Ekki brot %
1966-1970	3	1	1	5	75% - 25%
1971-1975	2	1	2	5	67% - 33%
1976-1980	6	0	3	9	100% - 0%
1981-1985	13	5	0	18	72% - 28%
1986-1990	21	11	6	38	66% - 34%
1991-1995	24	14	8	46	75% - 25%
1996-2000	6	15	5	26	29% - 71%
2001-2005	8	12	7	27	40% - 60%
2006-2010	12	13	3	28	48% - 52%
2011-2015	3	12	9	24	20% - 80%
2016-2020	6	14	18	38	30% - 70%
2021-(2022)	4	17	4	25	19% - 81%
ALLS	**108**	**115**	**66**	**289**	

**Til og með máli nr. 10/22-23. **5 ára tímabil nema síðasta 2.5 ár*

Ef horft er framhjá frávísunum og niðurfellingum og eingöngu miðað við efnislega úrskurði blasir við að á fyrstu þremur áratugunum var hlutfall sakfellinga um 65-70%, en málin þó tiltölulega fá. En frá og með miðjum tíunda áratug síðustu aldar, uppúr því að núverandi siðareglur tóku gildi með meðal annars strangari kæruskilyrðum, hefur sakfellingahlutfallið breyst og það hefur sigið niður í 20-30% efnislegra úrskurða síðasta áratuginn eða svo. Þetta er ekki „ný bóla" heldur þróun sem er stöðug og til langs tíma. Höfundur telur þetta í fullu samræmi við breytt viðhorf og breyttan tíðaranda – og gjörbreytt fjölmiðlaumhverfi - og telur raunar ljóst að all mörg kærumál fyrstu áratuganna færu á annan veg í dag en þau gerðu þá. Um leið er reginmunur á málum fyrstu áratuganna og málum nútímans. Við erum ekki lengur í umhverfi flokksmálgagna og fátítt er nú, sem áður var algengt, að blaðamenn sjálfir kæri kollega.

Hvaða fjölmiðlar eru kærðir og hverjir kæra?

Eins og gefur að skilja eru þeir fjölmiðlar (og blaðamenn þeirra) mest kærðir til Siðanefndar sem „ágengastir" hafa verið í umfjöllun sinni og vinnubrögðum. Þegar tekin eru saman **síðdegisblöðin** svokölluðu, DV og undanfararnir Vísir og Dagblaðið koma í ljós 68 af 290 kærðum fjölmiðlum (23%). Þetta er sá langstærsti af þeim hópum sem ég hef flokkað saman. Sakfellingahlutfallið hjá þessum miðlum er um 50%.

Í næsta flokk fjölmiðla set ég **fjölmiðla Sýnar** ehf (áður 365 ehf), Stöð 2, visir.is og Bylgjuna. Að þessum fjölmiðlum hafa 39 kærumál beinst eða um 13% heildarinnar – en rétt er að hafa í huga að þessir fjölmiðlar urðu fyrst til 20 árum eftir gildistöku fyrstu siðareglna BÍ. Þá er að nefna **Ríkisútvarpið**, með 34 mál eða um 12% heildarinnar. **Morgunblaðið** hefur fengið á sig 18 kærur (6% heildarinnar).

Næst eru til að taka **vikublöðin** saman, Helgarpóstinn (eldri og nýrri) og Pressuna, sem létu einkum til sín taka á árunum 1979-1993. HP/Pressan eiga 17 málanna eða 6% heildarinnar. Eins og síðdegisblöðin gjarnan þá leituðust þessir fjölmiðlar við að vera djarfir og róttækir, með ekki síst áherslu á rannsóknarblaðamennsku. **Fréttablaðið** hefur fengið á sig 16 málanna (6% heildarinnar). Af öðrum fjölmiðlum má nefna „hástökkvarann" **Mannlíf** og Reyni Traustason, með alls 9 mál, flest á stuttum tíma, sem fyrst og fremst skýrist af áberandi málafjölda frá auðmanninum Róberti Wessmann og tengdum aðilum.

Lítum því næst á flokkun á kærendum. Þar er stærsti einstaki hópurinn **„Almennir borgarar"** með 119 kærur og þá um 41% heildarinnar. Næst fyrirferðamesti hópurinn er **„Fyrirtæki/forstjórar"** með 52 mál (18% heildarinnar). Saman í flokki eru **„embættismenn/stofnanir"** með 33 mál (11%).

Stjórnmálamenn hafa ekki í gegnum tíðina verið „duglegir" við að kæra – þeir eiga einungis 4% heildarinnar eða 11 mál – mestmegnis á tímum flokksmálgagnanna. Af öðrum hópum er þetta helst að nefna; **blaðamenn** sjálfir voru áður fyrr gjarnan að kæra hvern annan. Alls 29 blaðamannamál hafa ratað fyrir Siðanefnd, en slíkar kærur eru fátíðar í nútímanum – aðeins 4 mál eftir „dauða flokksblaðanna".

Höfundur er sjálfstætt starfandi blaða- og fræðimaður.

ÚRSKURÐIR SIÐANEFNDAR BÍ FRÁ JÚNÍ 2021 TIL NÓVEMBER 2022



Hér er birt yfirlit yfir þá úrskurði sem siðanefnd BÍ hefur fellt frá því síðasta hefti Blaðamannsins kom út (sem var 1. tbl. 43. árgangs). Úrskurðirnir hafa allir verið birtir í heild sinni á Press.is.

Mál nr. 3/2021-2022
Kæruefni: Umfjöllun á vefmiðli Mannlífs um sakamál, sem birtist 1. Júní 2021.
Úrskurður: Kærðu brutu ekki gegn siðareglum BÍ.

Mál nr. 4/2021-2022
Kæruefni: Myndbirting í Morgunblaðinu 20. júní 2021 af börnum kærenda.
Úrskurður: Kærðu brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Mál nr. 5/2021-2022
Kæruefni: Umfjöllun í Íslandi í dag 20. september 2021 um starfsemi Hugarafls og efnirfyglnifréttir á Visir.is
Úrskurður: Kærðu, Stöð 2, visir.is og Frosti Logason, teljast ekki hafa gerst brotleg við siðareglur BÍ.

Mál nr. 6/2021-2022
Kæruefni: Myndbirting og tengsl kæranda við Facebook-hópinn *Karlmennskuspjallið* án þess að hann væri nefndur í umfjölluninni sem kærandi telur alvarlega framkomu blaðamanns. Einnig sakar kærandi miðilinn um ólöglega birtingu af höfundarréttarvörðu myndefni sem tengist útgáfunni Óðinsauga og bók kæranda og fjölskyldumeðlims hans.
Úrskurður: Kærði, vefmiðillinn 24.is, telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Mál nr. 7/2021-2022
Kæruefni: Kvartað er yfir frétt DV þann 8. september 2021 þar sem fjallað var um aðkomu Jakobs Frímanns Magnússonar að svokölluðu liprunarbréfi sem fengið var vegna ferðalags sonar kæranda og í kjölfarið yfirlýsinga ritstjóra DV og fréttastjóra vegna samskipta við kæranda og son hans, sem kærandi telur mjög alverlgt brot á siðareglum. Einnig kvartar kærandi yfir tilkynningu annars blaðamanns DV til Barnaverndar Reykjavíkur. Telur kærandi að kærðu hafi brotið ítrekað gegn 1. og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.
Úrskurður: Kærðu, DV og ritstjórinn Björn Þorfinnsson, teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Kæru gegn Heimi Hannessyni er vísað frá.

Mál nr. 8/2021-2022
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 20. janúar 2022, 18. janúar 2022, 17. janúar 2022, 14. janúar 2022 og 2. desember 2021.
Úrskurður: Kærði, Reynir Traustason, telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt. Kærði Trausti Hafsteinsson telst ekki hafa brotið siðareglur.

Mál nr. 9/2021-2022
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 13. og 17. febrúar 2022.
Úrskurður: Kærði, Reynir Traustason, telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt.

Mál nr. 10/2021-2022
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um meint skattsvik kæranda, hótun hans um málsókn og ákúrur siðanefndar lögmanna vegna gjaldtöku.
Úrskurður: Í máli 10/2021-2022 er kæruliðum 1 og 2 vísað frá og kærði sýknaður af kærulið 3.

Mál nr. 11/2021-2022
Kæruefni: Viðtal/grein í Morgunblaðinu þann 19. (prentmiðli) og 20. febrúar 2022 (netmiðli) meðal annars um vinnu- og viðbrögð kæranda við heilablóðfalli júóiðkanda.
Úrskurður: Máli 11/2021-2022 er vísað frá siðanefnd.

Mál nr. 12/2021-2022
Kæruefni: Myndbirtingar á ljósmyndum af kæranda í sjónvarpsþættinum „Heimilisofbeldi“ og umfjöllun um kæranda í sama þætti sem hún telur hafa verið villandi.
Úrskurður: Kærðu, Stöð 2 og Sindri Sindrason, teljast ekki hafa brotið siðareglur BÍ.

Mál nr. 1/2022-2023
Kæruefni: Umfjallanir í Mannlífi um kæranda.
Úrskurður: Máli 1/2022-2023 er vísað frá siðanefnd.

Mál nr. 2/2022-2023
Kæruefni: Frétt DV 23. apríl 2022, ***„Viðkvæmt ofbeldismál skekur Orkuveitu Húsavíkur og bæjarskrifstofur – skvetti sjóðandi kaffi yfir fatlaðan stafsmann“*** og frétt frettabladid.is 23. Apríl 2022 ***„Segir ofbeldismál þaggað niður á Húsavík“***.
Úrskurður: Kærðu, Ágúst Borgþór Sverrisson og DV annars vegar og Sigurjón Björn Torfason og frettabladid.is hins vegar, brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Mál nr. 3/2022-2023
Kæruefni: Umfjöllun í Kompási um sérstrúarsöfnuði 8. Mars 2022.
Úrskurður: Máli nr. 3/2022-2023 er vísað frá siðanefnd.

Mál nr. 4/2022-2023
Kæruefni: Umfjöllun í Kompási um sérstórarsöfnuði 8. Mars 2022.
Úrskurður: Máli nr. 4/2022-2023 er vísað frá siðanefnd.

Mál nr. 5/2022-2023
Kæruefni: Frétt ruv.is 9. maí 2022 „Lögreglan ekki vanhæf til að rannsaka fréttamenn“. Kæran snæýr að þessari málsgrein fréttarinnar: „Þrír fréttamannanna höfðu fjallað um samskipti svokallaðrar skæruliðadeildar Samherja, sem hafði samræmt atlögu að fréttamönnum sem fjölluðu um framgöngu Samherja í Namibíu og ásakanir um lögbrot fyrirtækisins og stjórnenda þess.“
Úrskurður: Kærðu, Brynjólfur Þór Guðmundsson og fréttastofa RÚV, brutu ekki siðareglur í máli þessu.

Mál nr. 6/2022-2023
Kæruefni: Umfjöllun DV um uppgröft lögreglustjórans á Vestfjörðum á líkamsleifum manns sem lést í bílslysi þegar leigubíll fór út af Óshlíðarvegi 23. september 1973. Kærandi var ökumaður bifreiðarinnar þegar slysið átti sér stað.
Úrskurður: Kærðu, DV og Ágúst Borgþór Sverrisson, hafa ekki brotið siðareglur BÍ.
Sérálit: Ég, undirrituð, er sammála meirihluta siðanefndar, allt þar til kemur að því að draga ályktanir af þeim orðum kærðu í grein dags. 2. júní 2022, að leigubílstjórinn, sem er nafngreindur, sé undir rannsókn lögreglu vegna dauða Kristins Hauks Jóhannessonar. Kærðu höfðu ekki forsendur til að fullyrða þetta án fyrirvara og sýna raunar gögn málsins að þessi fullyrðing er röng. Því tel ég að með þessu hafi kærðu gerst brotlegir við 3. grein siðareglna og telst brot þeirra ámælisvert.
Sigríður Árnadóttir

Mál nr. 7/2022-2023
Kæruefni: Umfjöllun í Stundinni þann 17. Júní 2022 undir yfirskriftinni „Hvað kom fyrir Kidda?“.
Úrskurður: Stundin, Aðalsteinn Kjartansson og Helgi Seljan teljast ekki hafa brotið siðareglur BÍ.

Mál nr. 8/2022-2023
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 4. mars 2022, 5. Mars 2022 (4 greinar), 6. mars 2022, 7. mars 2022, 17. mars 2022, 18. mars 2022, 19. mars 2022 (2 greinar), 20. mars 2022, 30. mars 2022, 31. mars 2022, 27. apríl 2022, 8. maí 2022, 17. maí 2022, 3. júní 2022, 13. júní 2022, 15. júní 2022, 27. júlí 2022 og 22. ágúst 2022.
Úrskurður: Kærði, Reynir Traustason, telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er alvarlegt vegna kæruliða 1 til 22 en mjög alvarlegt varðandi kæruliði 23 til 27.

Mál nr. 9/2022-2023
Kæruefni: Umfjöllun Mannlífs um kæranda 13. september 2022.
Úrskurður: Kærði, Reynir Traustason, telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er mjög alvarlegt.

Mál nr. 10/2022-2023
Kæruefni: Kært vegna umfjöllunar Björns Þorlákssonar „á viðkvæmu sakamáli“ í fréttaþættinum Fréttavaktin á Hringbraut þann 23. september 2022.
Úrskurður: Kærði, Björn Þorláksson, telst ekki hafa brotið siðareglur BÍ í kærðri umfjöllun.

Tilnefningar dómnefndar til blaðamannaverðlauna fyrir árið 2021

Blaðamannaverðlaun Íslands 2021 voru veitt við hátíðlega athöfn í sal BÍ í Síðumúlanum 1. apríl sl. Blaðamannafélag Íslands stendur að verðlaununum sem veitt voru í fjórum flokkum: Besta umfjöllun ársins 2021, Viðtal ársins 2021, Rannsóknarblaðamennska ársins 2021 og Blaðamannaverðlaun ársins 2021.



Tilnefndir til Blaðamannaverðlaunanna 2022. *Mynd: SDA*
Ásdís Ásgeirsdóttir, Morgunblaðinu - Björk Eiðsdóttir, Fréttablaðinu. - Ingi Freyr Vilhjálmsson, Stundinni. - Birgir Olgeirsson, Nadine Guðrún Yaghi og Erla Björg Gunnarsdóttir, Stöð 2, Bylgjunni og Vísi. - Aðalheiður Ámundadóttir. Fréttablaðinu. - Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum. - Freyr Rögnvaldsson og Margrét Marteinsdóttir, Stundinni. - Sunna Karen Sigurþórsdóttir, Stöð 2, Bylgjunni og Vísi. - Þórdís Arnljótsdóttir, RÚV. - Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni. - Arnhildur Hálfdánardóttir, RÚV. Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar.

Tilnefningar

Viðtal ársins:

Ásdís Ásgeirsdóttir, Morgunblaðinu.
Fyrir viðtal við Óla Björn Pétursson. Hann greinir þar frá grófu kynferðisofbeldi sem hann varð fyrir á unglingsaldri. Frásögnin er sláandi en afar upplýsandi og sækir á lesandann sem fær raunsanna lýsingu á því hvernig unglingur er ginntur af barnaníðingi. Honum var haldið með hótunum og ofbeldi en tekst svo að losa sig og endurheimta líf sitt.

Björk Eiðsdóttir, Fréttablaðinu.
Fyrir viðtal við Sigríði Gísladóttur sem lýsir barnæsku sinni hjá móður með geðsjúkdóm. Björk fangar í áhrifaríku, persónulegu og vel uppbyggðu viðtali hvernig dóttirin telur kerfið hafa brugðist henni. Þá lýsir hún því hvernig reynsla hennar leiddi til þess að hún lætur til sín taka í baráttu fyrir börn sem búa með foreldrum með geðrænan vanda.

Ingi Freyr Vilhjálsmsson, Kjarnanum.
Ingi Freyr Vilhjálmsson, Stundinni. Fyrir viðtal við Ásgeir Jónsson Seðlabankastjóra. Ingi Freyr veitir í viðtalinu einstaka og upplýsandi innsýn í hugarheim eins áhrifamesta embættismanns landsins. Viðmælandinn tjáir sig opinskátt um skoðanir sínar á samfélaginu, dómsmál á hendur bankanum og hvernig hann beiti sér í starfi til þess að fjármálakerfið þróist í þær áttir sem hann telur þurfa.

Rannsóknarblaðamennska ársins:

Birgir Olgeirsson, Nadine Guðrún Yaghi ásamt Erlu Björgu Gunnarsdóttur, Stöð 2, Bylgjunni og Vísi.
Fyrir fréttaskýringaþættina Kompás um undirheima Íslands þar sem lýst er baráttu við skatt- og bótasvik. Eins þætti þar sem fjallað var um hvernig morð í Rauðagerði bar merki skipulagðrar glæpastarfsemi. Myndefni frá lögreglu og opinskátt viðtal við ekkju þess myrta gáfu innsýn í heim sem oftast er lokaður almenningi.

Aðalheiður Ámundadóttir Fréttablaðinu.
Fyrir fréttaskýringar um dómaframkvæmd Landsréttar í nauðgunarmálum. Tölfræðilegar upplýsingar sem fram koma í skýringunum staðfesta bága stöðu kynferðisbrota innan réttarkerfisins. Þær sýna að af þeim fáu kynferðisbrotamálum sem koma til kasta dómstóla er þriðjungi sakfellinga snúið við áfrýjun og meira en helmingur mildaður. Samantektin

Verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna

leiddi til aðgerða ríkissaksóknara, umræðna á Alþingi og gagnrýni í samfélaginu.

Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum.
Fyrir fréttaskýringar þar sem ljóstrað var upp um óeðlilega hagsmunagæslu svokallaðrar Skæruliðadeildar Samherja. Þær sýndu hvernig fulltrúar þessa stórfyrirtækis reyndu til að mynda að hafa áhrif á formannskjör í stéttarfélagi blaðamanna og kjör á lista Sjálfstæðisflokksins í heimakjördæmi fyrirtækisins. Fréttaskýringarnar gáfu greinagóða mynd af óvönduðum meðölum fjársterks fyrirtækis í hagsmunabaráttu þess.



Verðlaunahafar Blaðamannaverðlaunanna fyrir árið 2021. Mynd: SDA
Fr.v. Sunna Karen Sigþórsdóttir, Ásdís Ásgeirsdóttir, Aðalsteinn Kjartansson, Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson.

Umfjöllun ársins:

Freyr Rögnvaldsson og Margrét Marteinsdóttir, Stundinni.
Fyrir umfjöllun um harðræði gagnvart börnum á vistheimilum í Eyjafirði um tíu ára skeið til 2007. Sex konur lýstu í viðtölum andlegu og líkamlegu ofbeldi, einkum af hálfu forstöðumanns heimilanna og voru frásagnir þeirra studdar gögnum og vitnisburðum. Umfjöllunin leiddi til þess að ríkisstjórnin fól eftirlitsstofnun félagsþjónustunnar að rannsaka aðstæður barnanna sem þar voru vistuð.

Sunna Karen Sigurþórsdóttir, Stöð 2, Bylgjunni og Vísi.
Fyrir umfjöllun um tilefnislausar lífslokameðferðir af hálfu læknis á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Sunna Karen hóf umfjöllun um málið, fylgdi því eftir og varpaði ljósi á umfang þess. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu, sem og hjá landlækni og í heilbrigðisráðuneytinu. Í kjölfar umfjöllunarinnar var ákveðið að læknirinn skyldi ekki lengur starfa í beinum tengslum við sjúklinga.

Þórdís Arnljótsdóttir, RÚV.
Fyrir fræðandi og skemmtilega umfjöllun um jarðhræringar og eldgos í Fagradalsfjalli. Þórdís nýtti myndefni frá gosstöðvunum vel til að skýra mál sérfræðinga í tengslum við eldsumbrotin. Fréttirnar gáfu áhorfendum lifandi mynd af því sem á gekk við Fagradalsfjall en voru um leið fræðandi og settu eldgosið í skýrt samhengi við önnur eldsumbrot og jarðsögu Íslands.

Blaðamannaverðlaun ársins

Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni.
Fyrir vandaða og afhjúpandi umfjöllun um fjölda mála, svo sem greiningu á eignum og eignatengslum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem dráttur var á hjá ráðuneyti málaflokksins, rannsókn lögregluyfirvalda á Samherja, og um svokallaða skæruliðadeild Samherja, auk aflandsleka í svonefndum Pandóruskjölum. Skrif Aðalsteins hafa haft áhrif á samfélagið og almenna samfélagsumræðu.

Arnhildur Hálfdánardóttir, RÚV.
Fyrir gagnrýna og fræðandi umfjöllun um loftslagsmál. Í Loftslagsdæminu, átta útvarpsþáttum, fylgdi Arnhildur eftir fjórum fjölskyldum sem áttu að minnka kolefnisspor sitt. Birtar voru fréttaskýringar og viðtöl við sérfræðinga. Þá vann Arnhildur fyrir þingkosningarnar í haust afhjúpandi greinaröð um árangur ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sem leiddi í ljós að hann var um margt óljós og enn mikið verk óunnið.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar.
Fyrir vönduð fréttatengd viðtöl þar sem sjónum er beint að einstaklingum í erfiðum aðstæðum.

Mynd ársins


er af eldgosinu í Geldingardölum

Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Vísis, hlaut á Blaðamannadeginum þann 1. apríl verðlaun fyrir mynd ársins á verðlaunaafhendingu Blaðaljósmyndarafélags Íslands. Veitt voru verðlaun í 7 flokkum auk bestu myndar ársins, sem var mynd Vilhelms af eldgosinu í Geldingadölum.

Sjö dómarar völdu 102 myndir á sýninguna í ár úr 789 innsendum myndum íslenskra blaðaljósmyndara. Þeir völdu þar að auki sigurmynd í hverjum flokki og mynd ársins. Dómnefndina í ár skipuðu þau Aldís Pálsdóttir, Árni Torfason, Gísli Helgason, Hrund Þórsdóttir, Pjetur Sigurðsson, Sigríður Ella Frímannsdóttir og David Guttenfelder sem jafnframt var formaður dómnefndar.

Blaðaljósmyndarafélag Íslands var stofnað árið 1976 og starfar innan Blaðamannafélags Íslands. Sýningin Myndir ársins hefur verið haldin síðan 1979 og er ein fjölsóttasta ljósmyndasýningin landsins ár hvert. Stjórn Blaðaljósmyndarafélags Íslands 2021-2022 skipuðu Kristinn Magnússon (formaður), Eyþór Árnason, Hallur Karlsson, Heiða Helgadóttir, Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir og Styrmir Erwinsson. Á aðalfundi 1. desember 2022 var ný stjórn kjörin og er Vilhelm Gunnarsson nýr formaður félagsins.

Mynd ársins





Ljósmyndari:

Vilhelm Gunnarsson

Umsögn dómnefndar:

Sterk og frumleg mynd af einu stærsta fréttamáli ársins sem fangar líka stemningu ársins í heild sinni. Formið ógeðslega flott og sterkur partur af myndinni. Myndin er grafískt vel unnin og contrasturinn er flottur. Eðlilegt val miðað við hversu stóran þátt eldgosið átti þátt í árinu fyrir fólk. Ljósmyndin er frumleg nálgun á eldgosinu. Einstök mynd af gosinu. Þetta er tákn fyrir gosið og árið. Gosið kemur hér fram þvert á alla flokka.

Fréttamynd ársins





Ljósmyndari:

Vilhelm Gunnarsson

Umsögn dómnefndar:

Uppstillt hópmynd af nýrri ríkisstjórn er klassískt myndefni en með útsjónarsemi og húmor að vopni fangar ljósmyndarinn afar skemmtilegt augnablik sem á sér stað rétt áður en hin eiginlega myndataka fer fram. Myndin er á vissan hátt lýsandi fyrir þá ringulreið sem hefur átt sér stað í samfélaginu og pólitíkinni og um leið minnir hún á að stjórnmálafólkið er fyrst og fremst einmitt það, fólk.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:

Kristinn Magnússon



Umsögn dómnefndar:


Með því að beina athygli sinni frá hinu augljósa myndefni, þar sem sigurvegarar fagna ásamt stuðningsfólki sínu, nær ljósmyndarinn að stöðva tímann mitt í allri óreiðunni. Hann nær að frysta tilfinningaþrungna stund; rólegt, fallegt og einlægt augnablik sem vekur sterka samlíðan hjá áhorfandanum. Óvenjuleg íþróttamynd sem minnir sterkt á hve mikilvægan sess íþróttir skipa í lífi margra.

Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:

Hörður Sveinsson



Umsögn dómnefndar:

Sjónrænt mjög áhugaverð mynd sem augljóst er að ljósmyndarinn og viðfangsefnið hafa lagt mikla vinnu í. Kraftmiklir litir og óvenjuleg formin skapa spennandi dýnamík og nánast hreyfingu í myndflötinn. Skemmtilega öðruvísi mynd.

Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:

Sigrtyggur Ari Jóhannsson



Umsögn dómnefndar:

Eldgosið í Geldingadölum var eitt mest myndaða fyrirbæri ársins en með persónulegri nálgun á viðfangsefnið sýnir ljósmyndarinn okkur „hina hliðina“ á gosinu með mynd sem gæti nánast verið tekin hvar sem er á Íslandi. Við fyrstu sýn virðist myndin svarthvít en við nánari skoðun kemur í ljós að svo er ekki. Marglaga en einstaklega falleg og friðsæl mynd þar sem rammíslensk kyrrðin sogar áhorfandann til sín.

Daglegt líf – mynd ársins



Ljósmyndari:

Heiða Helgadóttir



Umsögn dómnefndar:


Una Margrét Jónsdóttir og Hólmsteinn Eiður Hólmsteinsson hafa verið gift í tvo áratugi. Þau segjast afar sérvitur en í sameiningu fundu þau leið til að tala saman um erfiða hluti með því að láta fingurna tjá sig. Hlý og afar einlæg mynd úr íslenskum hversdagsleika. Ljósmyndarinn skapar traust og nær þannig að segja hjartnæma sögu sem ekki er sjálfsagt að viðfangsefnin vilji deila með öðrum. Þá er myndin skemmtilega innrömmuð og bætir umhverfið heilmiklu við söguna.

Portrettmynd ársins



Ljósmyndari:

Páll Stefánsson




Umsögn dómnefndar:


Töff og óvenjuleg portrettmynd sem sker sig úr fjöldanum og gefur þáupplifun að lögmál séu brotin. Viðfangsefnið virðist svífandi en um leið svo fullkomið, eins og þyngdarlögmálið hafi gleymt að vinna sína vinnu. Afar áhugaverð innrömmun og myndbygging gerir þessa stílhreinu mynd að veislu fyrir augað. Kyrrlát en sterk orka í eftirminnilegri mynd.

BLAÐALJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS

Myndasería ársins









Ljósmyndari:

Heiða Helgadóttir

Umsögn dómnefndar:

Með úthugsaðri nálgun nær ljósmyndarinn að vinna afar vel úr krefjandi aðstæðum. Myndefnið er sláandi, jafnvel óþægilegt í huga margra, en án þess að draga neitt undan nær ljósmyndarinn samt að skapa ró og jafnvel hlýju. Sagan útskýrir og sýnir hluti sem getur verið erfitt að horfa á en vekur þó ekki óhug. Myndirnar svala ákveðinni forvitni og færa áhorfandann inn í kringumstæður sem fæstir þekkja af eigin raun en gerir það með smekklegum og fagmannlegum hætti.

Fjölmiðla-styrkir

„Danska leiðin“ hennar Lilju



Arnar Þór Ingólfsson

Snemma í febrúarmánuði stóð Blaðamannafélag Íslands, í samstarfi við Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti við Háskóla Íslands, fyrir málþingi um opinbera styrki til einkarekinna fjölmiðla. Á meðal þeirra sem héldu tóku þátt í málstofunni var Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra, ráðherra fjölmiðlamála í ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttir.

Ávarp hennar á fundinum þótti nokkuð fréttnæmt fyrir þau sem fylgjast með íslenska fjölmiðlaumhverfinu, en fram kom í máli Lilju að hún vildi beita sér fyrir því að RÚV yrði tekið af auglýsingamarkaði og að horft yrði til Danmerkur sem fyrirmyndar fyrir íslenska fjölmiðlamarkaðinn – „danska leiðin“ yrði fetuð í málefnum fjölmiðla.

„Þrátt fyrir að ég vilji fá handritin heim vil ég fá dönsku fjölmiðlastefnuna,“ gantaðist Lilja við áheyrendur í húsakynnum BÍ í Síðumúla og þau sem fylgdust með streymi frá fundinum. Upptöku af streyminu má nálgast á vef BÍ: https://beint.is/streymi/press070222.

Lilja sagði að í ráðuneyti hennar yrði rýnt „gríðarlega vel“ í danska lagatexta um málefni fjölmiðla og hljómaði ávarpið eins og vilji ráðherra stæði til þess að fylgja fordæmi Dana í nær einu og öllu, ekki síst hvað opinberar styrkveitingar til fjölmiðla varðar. En hver er þessi „danska leið“ í málefnum fjölmiðla sem ráðherra mærði og sagðist vilja apa eftir hér á landi?

DR ekki á auglýsingamarkaði

Í Danmörku er ríkisútvarp, Danmarks Radio (DR), sem heldur úti sjónvarps- og útvarpsrásum auk fréttavefs á netinu. DR selur ekki auglýsingar, heldur er alfarið fjármagnað með rekstrarframlögum frá hinu opinbera. Árið 2021 nam rekstrarkostnaður DR 3.885 milljónum danskra króna, jafnvirði um 77 milljarða íslenskra króna.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð af fyrirferð danska ríkisins á fjölmiðlamarkaði, því það hefur frá því á öndverðum níunda áratugnum einnig rekið TV2, áskriftarsjónvarpsstöð sem er á auglýsingamarkaði. TV2 er í reynd eina sjónvarpstöðin sem vitir DR samkeppni á sviði ljósvakafrétta. Fram til ársins 2004 var rekstur aðalrásar TV2 fjármagnaður með ríkisfé, en hún er í dag sjálfbær með áskriftarsölu og auglsýingatekjum. Opinbert fé rennur hins vegar til stuðnings svæðisbundnum rásum TV2, sem eru allnokkrar.

Til þess að fjármagna ríkismiðlana í Danmörku hefur lengi verið innheimt sérstakt fjölmiðlagjald, en sú innheimtuleið hefur reyndar verið slegin af frá og með þessu ári. Í staðinn ákvað danska stjórnin að lækka persónuafslátt skattgreiðenda í Danmörku um brot úr prósentustigi. Þessar breytingar á skattkerfinu eiga að duga fyrir öllum opinberum framlögum til fjölmiðla, bæði rekstrarframlögum til ríkismiðlanna og framlögum til einkarekinna miðla.

Margvíslegir styrkir frá 2014

Þeir styrkir sem bjóðast einkareknum fjölmiðlum í Danmörku eru fjölbreyttir. Á áðurnefndri málstofu Blaðamannafélagsins í febrúar fór Ida Willig, prófessor í fjölmiðlafræðum við Hróarskelduháskóla, yfir það hvernig hið opinbera hefur komið að styrkveitingum við fjölmiðla landsins a undanförnum árum.

Hún ræddi um hvernig í Danmörku hefði löngum verið breiður stuðningur á pólitíska sviðinu við það að styðja við fjölmiðla, til þess að leiðrétta þann markaðsbrest sem væri til staðar í fjölmiðlarekstri á litlu málsvæði eins og því danska og tryggja öfluga lýðræðislega umræðu í landinu. Í þessu skyni hafa dönsk stjórnvöld hafa stutt fjárhagslega við einkarekna fjölmiðla frá því um miðjan fyrsta áratug aldarinnar. Upphaflegu fjölmiðlastyrkirnir beindust einungis að prentmiðlum, en þar var um að ræða dreifingarstyrki til útgáfufyrirtækjanna.

Þegar komið var inn á síðasta áratug var ákveðið að útvíkka styrki við einkarekna miðla í Danmörku og formi styrkjanna var breytt með lögum, *mediestøtteloven*, sem tóku gildi árið 2014. Þá var dreifingarstyrkjum fyrir prentmiðlana skipt út fyrir framleiðslustyrki, sem gerði fjölmiðla styrkhæfa óháð því hvort þeim var dreift á prenti eða á netinu. Ríkið byrjaði þannig að styrkja sérstaklega vinnslu fjölmiðlaefnis, en ekki einungis pappírskaup og dreifingu.

Þessir framleiðslustyrkir, sem fela í sér að allt að 35 prósenta endurgreiðslu á ritstjórnarkostnaði, eru langstærsti hluti styrkjakökunnar í Danmörku, en einnig hefur sérstökum nýsköpunarstyrkjum verið veitt til einkarekinna danskra miðla, sem bæði eru ætlaðir til þess að styðja við nýja miðla og nýsköpunarverkefni innan rótgrónari miðla.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra fjölmiðlamála, talar á málþinginu í febrúar. Í pallborði sitja Valgerður Jóhannsdóttir, Þórður Snær Júlíusson og Þórhallur Gunnarsson. *Mynd: Hari*

Árið 2014 og nokkur ár þar á eftir voru einnig veittir sérstakir aðlögunarstyrkir til fjölmiðla sem höfðu verið styrkhæfir samkvæmt eldra styrkjakerfi, en þeir hafa fjarað út síðan. Þá voru skrifaðir inn í lögin sérstakir styrkir fyrir fjölmiðla í alvarlegum rekstrarvanda, en þeir hafa aldrei verið veittir.

Ný stefna, fleiri styrkir og skattlagning streymisveitna

Þegar Willig hélt erindi sitt á fundinum í febrúar hafði ríkisstjórn Sósíaldemókrataflokksins skömmu áður lagt fram tillögur að nýrri fjölmiðlastefnu, sem fól í sér nokkur nýmæli. Samkomulag sem byggði að stærstum hluta á þessum tillögum ríkisstjórnarinnar var svo formlega samþykkt í maí, með stuðningi rauðu vinstriblokkarinnar í danska þinginu og reyndar Kristilegra demókrata að auki.

Á meðal þess helsta sem til stendur að ráðast í samkvæmt stefnunni er að veita auknu fé til staðbundinna miðla, til að koma í veg fyrir að í landinu myndist það sem kallaðar eru „fréttaeyðimerkur“ – svæði þar sem fáir eða jafnvel engir fjölmiðlar eru starfandi. Það á að gera með því að lækka almennt þak framleiðslustyrkja til einstakra miðla úr jafnvirði 350 milljóna íslenskra króna niður í 250 milljónir, en hækka þakið á greiðslum til staðbundinna fjölmiðla eða landsbyggðarmiðla upp í jafnvirði 370 milljón. Hámarksstyrkir til fjölmiðlasamstæðna geta numið allt að 90 milljónum danskra króna, eða 1,8 milljarði íslenskra króna.

Til viðbótar á að koma á fót nýjum sjóði sem minni bæjar- eða héraðsmiðlar geta sótt í, að því gefnu að þeir komi út vikulega hið minnsta og framleiði sjálfstætt ritstjórnarefni. Á næsta ári á að setja jafnvirði 815 milljóna íslenskra króna í þennan sjóð, en boðað er að á árunum 2024 og 2025 verði upphæðin enn hærri, eða milljarður íslenskra króna.

Einnig er stefnt að því að innheimta ný gjöld af streymisveitum, sem eiga að nema 6 prósentum af veltu fyrirtækjanna í Danmörku. Þessi nýja skattheimta er kölluð „menningarframlag“ eða *kulturbidrag* og segjast dönsk stjórnvöld ætla að láta helming þess sem komi í kassann renna til framleiðslu ríkisfjölmiðla á innlendu efni og hinn helminginn til sjálfstæðrar framleiðslu á dönsku menningarefni. Lagafrumvarp um þetta var lagt fram til samráðs af ráðherra menningarmála í ágústmánuði, en áður en samráðið hófst höfðu raunar bæði streymisveiturnar Netflix og Viapay lýst því yfir að þær hygðust hætta að framleiða danskt efni, í mótmælaskyni.

Að auki var kveðið á um það í stefnu danskra stjórnvalda að breyta ætti svokölluðum nýsköpunarstyrkjum, þannig að öll miðlun fjölmiðlaefnis verði styrkhæf, óháð því hvort hún fer fram með rituðu máli, myndskeiðum, hlaðvörpum. Til stendur að jafnvirði um 600 milljóna íslenskra króna verði úthlutað úr nýsköpunarsjóðnum árlega, en fyrirtæki sem velta yfir 5 milljörðum íslenskra króna geta ekki sótt um styrki af þessu tagi.

Starfshópur skoðar frekari breytingar

Í dönsku fjölmiðlastefnunni, eða hinu pólitíska samkomulagi um hana, var einnig samþykkt að setja af stað vinnu við að gera frekari breytingar á því styrkjakerfi við danska fjölmiðla sem verið hefur við lýði undanfarin ár. Lýstu aðilar að samkomulaginu sig þannig sammála að setja á fót algjörlega

nýtt kerfi fjölmiðlastyrkja, sem gæti stutt við stafræna þróun, nýjar miðlunarleiðir, frekara fjölræði á fjölmiðlamarkaði og nýsköpun hjá dönskum miðlum.

„Fjölmiðlanotkun Dana er að breytast, og æ færri Danir lesa prentuð fréttablöð. Það er mikilvægt að fjölmiðlastyrkir styðji við miðlunarleiðir sem höfða til Dana. Á sama tíma verðum við að fara varlega í að gera stórar breytingar, sem gætu kippt fótunum undan fjölmiðlunum sem fá fjölmiðlastyrki í dag," segir í stefnuplagginu.

Nefnd sérfræðinga og fulltrúa fjölmiðlafyrirtækja átti að ráðast í þessa vinnu og gera tillögur að umbreytingu danska styrkjakerfisins.

Nýtt frumvarp án fyrirsjáanleika senn lagt fram á Alþingi

En hvað líður yfirlýstum áformum ráðherra fjölmiðlamála um að innleiða dönsku leiðina til Íslands? Af þeim hefur lítið heyrst. Í októbermánuði kom þó fram frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda um tveggja ára framlengingu þess fyrirkomulags sem verið á styrkjum til einkarekinna fjölmiðla frá því að stuðningskerfinu var komið á 1. ágúst 2021.

Í greinargerð þess frumvarps er fjallað um væntar breytingar á stuðningskerfum við einkarekna fjölmiðla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og þeim lýst sem „gífurlega miklum" af hálfu ráðuneytisins. Í því ljósi var lagt til að framlengja núverandi fyrirkomulag um einungis tvö ár, með það að markmiði að innan þess tíma yrði lagt fram annað frumvarp til fimm ára sem væri þá í takt við þá þróun sem væri að verða á hinum Norðurlöndunum.

Í samráðsgátt stjórnvalda bárust nokkrar umsagnir um frumvarpsdrögin, meðal annars frá Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, mbl.is og K100, sem gagnrýndi að stuttur gildistími styrkjakerfisins drægi úr fyrirsjáanleika í rekstri fjölmiðla.

Forsvarsmenn útgáfufélagsins sögðu það „sérstaklega óheppilegt" þegar um væri að ræða ríkisstuðning við einkarekna fjölmiðla því að með skömmum gildistíma væru „þessi mál til stöðugrar umfjöllunar sem getur sett frjálsa fjölmiðla í óheppilega stöðu gagnvart stjórnvöldum" – hafa þyrfti í huga að meðal mikilvægra hlutverka frjálsra fjölmiðla væri að veita stjórnvöldum aðhald.

Ekki var brugðist við þessum óskum um aukinn fyrir-sjáanleika fyrir útgefendur, samkvæmt því frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi, en þar er gengið út frá því að stuðningsákvæðin verði látin gilda til tveggja ára. Samkvæmt því sem heyrst hefur af umræðum um málið á fundi ríkisstjórnarinnar var þar einnig rætt um skipan nýs hóps til þess að móta tillögur um skipulag stuðnings við einkarekna fjölmiðla.

Vert er að benda á að innan við fimm ár eru síðan að nefnd um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla afhenti ráðherra skýrslu sína. Einungis hefur verið ráðist í eina af þeim sjö aðgerðum sem þar voru lagðar til, þær beinu endurgreiðslur ritstjórnarkostnaðar sem nú er útlit fyrir að verði framlengdar til tveggja ára í viðbót.

Höfundur er blaðamaður á Kjarnanum.

Blaðamannaklúbburinn
– góður staður til funda- eða veisluhalda



Salur Blaðamannafélags Íslands, **Blaðamannaklúbburinn,** er glæsilegur salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalda. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustueldhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.

Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í símum **553 9155** og **568 3155.**

Samfélagssmiðurinn og varðhundurinn vegast á

Framtíð blaðamennsku og svæðisbundin fjölmiðlun - málþing í HA 25. nóvember 2022



Auðunn Arnórsson

Föstudaginn 25. nóvember var haldið málþing við Háskólann á Akureyri undir yfirskriftinni „Framtíð blaðamennsku og svæðisbundin fjölmiðlun“. Að því stóðu, auk HA, Háskóli Íslands og Rannsóknahópur um framtíð blaðamennsku. Umræðan á málþinginu snerist meðal annars um það hvernig ólík hlutverk blaðamanna – annars vegar hlutverk „samfélagssmiðsins“ og hins vegar hlutverk „varðhundsins“ tækjust á. Þessi ólíku hlutverk hefðu mismunandi vægi eftir því hvort um er að ræða svæðisbundna miðla eða landsdekkandi. Hlutverk „samfélagssmiðsins“ vægi þyngra hjá litlu svæðisbundnu miðlunum.

Dagskrá málþingsins var þrískipt: Fyrir hlé fluttu nokkrir helztu sérfræðingar Íslands í fjölmiðlafræðum erindi sem flest fjölluðu um hina ýmsu lærdóma sem draga má af þátttöku íslenzkra blaðamanna í stórri alþjóðlegri viðhorfskönnun blaðamanna. Hún var nýlega lögð fyrir hér á landi í annað sinn.

Eftir hlé töluðu nokkrir reyndustu forsvarsmenn héraðsfréttamiðla landsins um reynslu sína af því að reka slíka miðla í gegnum ólgusjó síðustu ára, sem markast hafa af örum tæknibreytingum, gerbreyttu rekstrarumhverfi og ytri áföllum á borð við heimsfaraldur. Botninn í dagskrá málþingsins slógu pallborðsumræður, sem formaður BÍ tók þátt í.

Skal hér stiklað á stóru um það sem fram kom í erindum fræðafólksins sérstaklega, og umræðunum sem spunnust í lokin. Fundarstjóri var Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki við HA.

Worlds of Journalism Study

Á vaðið reið Guðbjörg Hildur Kolbeins, sem kynnti Worlds of Journalism Study (WJS), alþjóðlega rannsókn á viðhorfum blaðamanna sem íslenskir blaðamenn hafa nú tekið þátt í tvisvar, fyrst árið 2012 og nú síðast í fyrra, árið 2021.

Næstur talaði Jón Gunnar Ólafsson, lektor við HÍ, um „staðbundna miðla og samfélagsmiðla“. Fókusinn í hans innleggi var fyrst og fremst á viðhorf blaðamanna til notkunar samfélagsmiðla sem vinnutækis.Þá sté í pontu Valgerður Jóhannsdóttir, umsjónarmaður meistaranáms í blaðamennsku við HÍ, og talaði um viðhorf íslenskra blaðamanna til eigin hlutverks eins og þau birtast í WJS-könnuninni í alþjóðlegum og norrænum samanburði.

Friðrik Þór Guðmundsson, sjálfstætt starfandi blaða- og fræðimaður, ræddir nánar um þróun viðhorfa íslenskra blaðamanna til eigin hlutverks og siðareglna blaðamanna (eins og nánar má lesa um í ítarlegri grein Friðriks hér í Blaðamanninum).

Loks reifaði Birgir Guðmundsson, prófessor í fjölmiðlafræði við HA, svipmynd af stöðu staðbundinna fjölmiðla á Íslandi á grunni nýrra rannsókna hans og fleiri á því sviði.

Eftir hlé töluðu Magnús Magnússon, ritstjóri Skessuhorns, Gunnar Gunnarsson, ritstjóri Austurfréttar og Austurgluggans, og Skapti Hallgrímsson, útgefandi og ritstjóri Akureyri.net. Ennfremur var María Björk Ingvadóttir, sjónvarpsstjóri N4, með innlegg á myndbandsformi sem hún tók upp þar sem hún var stödd í vinnuferð í Danmörku.

Í pallborði sátu: Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, Valgerður Jóhannsdóttir, lektor við HÍ, Páll Ketilsson, ritstjóri Víkurfrétta (Reykjanesbæ), og Gunnar Gunnarsson, ritstjóri Austurfréttar og Austurgluggans.

„Klassísk gildi“ blaðamennskunnar eflast

Samhljómur var í erindum fræðimannanna fyrir hlé um það hver skýrt WJS-rannsóknin sýndi að „klassísk gildi“ blaðamennskunnar hefðu eflzt í huga blaðamanna á síðustu árum, bæði hérlendis og erlendis. Til þessara klassísku gilda teljast m.a. aðhaldshlutverkið og „óhlutdrægi greinandinn“. Meðfylgjandi tafla úr erindi Valgerðar Jóhannsdóttur á málþinginu sýnir þessa þróun á viðhorfum íslenzkra blaðamanna glögglega.

	2021	2012	t.
Óhlutdrægi greinandinn	4,3	4,1	2,39*
Aðhaldshlutverkið	3,3	2,8	4,85***
Málssvari breytinga	2,3	1,9	5,13***
Þjónustuhlutverkið	2,9	3,0	-0,79

Gildin eru meðaltöl á kvarðanum 1 (alls ekki mikilvægt) til 5 (ákaflega mikilvægt)

Í erindi Jóns Gunnars Ólafssonar kom skýrt fram hve íslenzkir blaðamenn teldu samfélagsmiðla og samskiptaforrit vera orðin mikilvæg vinnutæki fyrir alla sem störfuðu í blaðamennsku. Það gæti hreinlega enginn starfað sem blaðamaður á Íslandi nema vera t.d. á Facebook. Sítenging fólks í gegnum snjallsímana, og sú staðreynd að blaðamenn þyrftu að nota sinn persónulega aðgang að samfélagsmiðlum í vinnunni, ylli því líka að mörk vinnu og einkalífs yrðu æ óljósari; það reyndist blaðamönnum æ erfiðara að aðskilja frítíma og vinnutíma.

Meðal niðurstaðna sem Birgir Guðmundsson kynnti úr nýrri rannsókn á staðbundnum miðlum á Íslandi var að þeim hefði fjölgað mjög á síðustu árum (úr 20-25 í yfir 50), en væru jafnframt flestir mjög litlir og vanburðugir netmiðlar. Níu af hverjum tíu þessara miðla hafa færri en tvo starfsmenn á ritstjórn, og „63% forsvarsmanna miðla eru ósammála þeirri fullyrðingu að rekstur miðilsins standi undir sér (18,5% eru sammála)“. Og: Forsvarsmenn miðlanna telja það almennt hlutverk sitt að miðla upplýsingum og afþreyingu sem tengist svæðinu/nærsamfélaginu, frekar en að veita aðhald og upplýsa um samfélagsleg álitamál.

Blaðamenn tali fyrir mikilvægi sínu


Í pallborðsumræðum sagði Sigríður Dögg, formaður BÍ, það vera áhugavert sem fram hafi komið í erindum fjölmiðlafræðinganna fyrir hlé að þessi stóra alþjóðlega könnun á viðhorfum blaðamanna hafi leitt í ljós að hefðbundin gildi blaðamennskunnar væru að styrkjast í huga blaðamanna, einnig hér á landi. Hún sagði ekki vanþörf á að blaðamenn leyfðu sér að reka svolítinn áróður fyrir eigin málstað; ef fjölmiðlafólk talaði ekki sjálft um mikilvægi fjölmiðla í íslenzku samfélagi þá gerði það enginn!

Valgerður Jóhannsdóttir tók þennan bolta frá formanni Blaðamannafélagsins og sagði það vera rétt að blaðamenn hefðu almennt verið feimnir við að tala um samfélagslegt mikilvægi sitt. Lýðræðishlutverk blaðamanna snerist ekki bara um það að veita valdhöfum aðhald, heldur einnig og ekki síður að skapa þá tilfinningu að það sé samfélag hérna. Þetta sé mjög sterkt element hjá staðbundnum miðlum, þar sem nándin er meiri og tengslin innan nærsamfélagsins. Rannsóknir í Bandaríkjunum hefðu sýnt að ef slíkir lókalmiðlar hverfa af vettvangi þá hefur það allskonar afleðingar. Samfélagsleg þátttaka fólks minnkar; samkenndin veikist. Hlutverk lókalmiðla sem „samfélagssmiða“ væri seint ofmetið.

Lókal miðlar meiri samfélagssmiðir

Birgir Guðmundsson, prófessor í fjölmiðlafræði við HA, brást við ummælum Sigríðar Daggar og Valgerðar með því að varpa því upp hvort þróunin væri nú sú að valdhafagagnrýni/„afhjúpun“, með öðrum orðum „varðhundshlutverkið“, væri orðið sterkari þáttur í hlutverki blaðamanna, sem viðbragð við óábyrgum bloggurum og ófaglegum netmiðlum nútímans. Að sínu viti einkenndi þó eftir sem áður lókalmiðla að vera speglar lókalmannlífsins, þ.e. vera frekar „samfélagssmiðir“ en varðhundar.

Páll Ketilsson, ritstjóri Víkurfrétta, sagði: „Samfélagið þarf að taka þátt í þessu með okkur!“ og varpaði inn dæmisögu: Á fyrstu árunum eftir að hann tók við rekstri og ritstjórn Víkurfrétta fyrir fjórum áratugum „vorum við ágengari“ – þannig hefðu þeir félagar sem sáu um ritstjórnarskrifin á þeim tíma „lent í nokkrum erfiðum málum“. Eftirminnilegt var t.d. þegar þeir skrifuðu um siðferði Grindvíkinga. „Við fengum svakalega gusu á móti okkur – menn söfnuðu hverju einasta eintaki blaðsins sem hafði verið dreift til Grindavíkur og skiluðu á rit-



Birgir Guðmundsson prófessor í fjölmiðlafræði við HA, talar um stöðu staðbundinna fjölmiðla á Íslandi. *Mynd: AA*



Pallborðið, f.v.: Valgerður Jóhannsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Páll Ketilsson og Sigríður Dögg Auðunsdóttir. *Mynd: AA*

stjórnina til okkar. Við lærðum af þessu. Þar sem nándin er mikil er erfitt að vera ágengur í gagnrýni. „Fólk vill ekki leiðindi frá okkur“. Sem þýddi samt ekki að ekki væri fjallað um erfið mál, eins og t.a.m. skipulagsmál og fjármál sveitarfélaganna. Rannsóknarblaðamennsku hefði svo lítill miðill hins vegar ekki burði í.

Gunnar Gunnarsson, ritstjóri Austurgluggans, bætti við að það ætti samt eins við um litla lókalmiðla og stærri miðla að þeir „væru ekki predikarar“, heldur legðu sig fram um að miðla á sem hlutlausastan hátt sem áreiðanlegustum upplýsingum, svo fólk hefði forsendur til að taka upplýsta ákvörðun sjálft um t.d. skipulagsmál í sínu sveitarfélagi. Hans miðill nyti þess að vera í eigu félags með dreifðu eignarhaldi – þar á meðal væri t.d. verkalýðsfélag. Hinn nýtilkomni rekstrarstuðningur frá ríkinu hefði samt reynzt gríðarlega mikilvægur fyrir sinn miðil.

Faglegur stuðningur við minni miðla

Valgerður bætti við að stuðningur við litlu landsbyggðarmiðlana gæti líka verið í öðru formi en rekstrarstyrkja; hann gæti t.d. falist í ýmiss konar bakstuðningi, ráðgjöf, endurmenntunarmöguleikum, tæknilausnum o.fl. Spurningin væri bara hvaða aðilar legðu slíkan bakstuðning til. Svarið gæti kannski verið að finna í norskri fyrirmynd: Í Bergen hefði nú í allnokkur ár verið í rekstri svonefnt Mediehus (https://mhb.no/), þar sem saman væru komnir undir einu þaki nokkrir sjálfstæðir fjölmiðlar, auk nýsköpunarmiðstöðvar, vef- og hönnunarráðgjafar, tækniaðstoðar og annarri tengdri þjónustu.

Sigríður Dögg bætti við: „Við vitum öll að við búum í svolítið meðvirku samfélagi. Þess vegna er aðhaldshlutverkið svo mikilvægt! Blaðamenn þekkja það vel hvernig þeir lenda sífellt á vegg upplýsingafulltrúa, sem vilja stýra því hvaða upplýsingar rata út til almennings um starfsemina. Það er hlutverk blaðamanna að fylla upp í myndina, spyrja spurninga, grafa upp þær upplýsingar sem t.d. opinberir aðilar upplýsa annars ekki um!“

Kallar eftir nýrri samfélagssátt

Sigríður Dögg kallar eftir nýrri samfélagssátt um hlutverk fjölmiðla: „Við þurfum samfélag sem er með fjölmiðla sem geta staðið undir því að sinna þessu hlutverki. Við þurfum menntaða blaðamenn, sem hafa skýra sýn og skilning á því hlutverki sem blaðamenn eiga að gegna í samfélaginu. Við þurfum fræðslu og stuðning til að þetta gangi eftir, bæði almenningsfræðslu og símenntun fyrir blaðamenn. Við þurfum að breyta viðhorfum, breyta umræðunni. Þegar fjölmiðlar virka ekki, virkar ekki lýðræðið!“

Að lokum sagðist Sigríður Dögg taka það út úr umræðunni „að til að geta verið sá blaðamaður sem metnaðurinn stendur til, í aðstæðum nærsamfélagsins á hverjum stað, þarftu að geta leitað ráðgjafar, faglegs bakstuðnings á borð við þann sem ritstjórnir stærri miðla veita hverjum og einum blaðamanni sem þar starfar. En nærsamfélagið sjálft á líka að einhverju leyti að veita þennan bakstuðning; almenningur þarf líka að veita hinum voldugu aðhald en ekki eftirláta blaðamönnum einum það hlutverk.“

Höfundur er verkefnastjóri hjá BÍ.

Nýtt regluverk um frelsi fjölmiðla

European Media Freedom Act byggir á þeim sjónarmiðum að fjölmiðlar séu ekki eins og hver önnur fyrirtæki.



Heiðdís Lilja Magnúsdóttir

Fram undan eru ýmsar breytingar á Evrópuregluverki um fjölmiðla sem miða að því að vernda blaðamenn og styðja við frelsi fjölmiðla og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. En hvað er það í umhverfi fjölmiðla sem kallar á þessar breytingar og út á hvað ganga þær?

Hallað hefur á frelsi og sjálfstæði fjölmiðla í Evrópu á síðustu árum, sér í lagi í Austur-Evrópu, eins og nýlegar skýrslur Evrópuráðsins og tölfræði samtakanna Blaðamanna án landamæra bera með sér. Í ríkjum eins og Ungverjalandi og Póllandi hafa stjórnvöld gripið til umdeildra aðgerða gegn einkareknum fjölmiðlum og almannaþjónustufjölmiðlum. Blaðamenn láta lífið vegna starfa sinna á hverju ári um allan heim og netárásir á blaðamenn eru tíðar. Þegar þetta er ritað hafa 13 blaðamenn látist á þessu ári, þar af 12 í Úkraínu, og alls 264 tilkynningar, vegna mála sem talin eru skerða fjölmiðlafrelsi, hafa verið skráðar á vefinn *Vettvang til verndar blaðamönnum*, sem Evrópuráðið heldur úti.

En fleira ógnar frelsi fjölmiðla og öryggi blaðamanna um þessar mundir. Heimsfaraldur kórónuveiru hafði neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fjölmiðla um allan heim. Störfum í blaða- og fréttamennsku fækkaði og starfsöryggi fjölmiðlafólks minnkaði að sama skapi. Auglýsingafé hélt áfram að renna til alþjóðlegra miðla, aðallega Google og Facebook, og algóritmar samfélagsmiðlanna ýttu undir upplýsingaóreiðu og hatursorðræðu á netmiðlum sem eykur pólitíska skautun í opnum, lýðræðislegum samfélögum. Þá hafa tilhæfulausar málsóknir gegn fjölmiðlafólki valdið áhyggjum margra sem fylgjast með stöðu og þróun á sviði fjölmiðla í Evrópu.

Hér á landi er skemmst að minnast erlendrar netárásar á vef Fréttablaðsins 11. ágúst sl. eftir að mynd af rússneska fánanum, notuðum sem dyramottu, hafði birst í blaðinu, flóðljósa sem beint var að myndavélum fjölmiðla á Keflavíkurflugvelli 3. nóvember sl. að því er virðist til að hindra störf þeirra, erlendrar netárásar á vef Morgunblaðsins 19. nóvember sl. og myndbanda Samherja, sem birtust á YouTube sumarið 2020 og fram á árið 2021, með ásökunum á hendur fréttamönnum Kveiks vegna meintra fréttafalsana af málefnum Samherja.

Reglugerð um fjölmiðlafrelsi

Það dró til tíðinda 16. september síðastliðinn þegar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram drög að reglugerð um frelsi fjölmiðla, *European Media Freedom Act*. Markmiðið með henni er að verja sjálfstæði og ritstjórnarlegt frelsi fjölmiðla í Evrópu, koma í veg fyrir samþjöppun eignarhalds og stuðla að fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Samhliða reglugerðinni voru gefin út leiðbeinandi *tilmæli um ritstjórnarlegt sjálfstæði og gagnsæi eignarhalds fjölmiðla.*

European Media Freedom Act, sem kölluð hefur verið EMFA til styttingar, er ekki hefðbundin reglugerð ef svo má segja, heldur samansafn ólíkra ákvæða sem kveða á um réttindi af ýmsu tagi. Gildissvið EMFA er víðara en gildissvið hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB frá 2010, þar sem EMFA gildir um allar tegundir fjölmiðla, ekki bara ljósvakamiðla. Reglugerðin byggir á þeim sjónarmiðum að fjölmiðlar séu ekki eins og hver önnur fyrirtæki, heldur starfsemi sem varði almannahag eða „public good“ á ensku.

Eftirlit með EMFA verður í höndum fjölmiðlanefnda í hverju ríki og komið verður á fót nýjum samráðshópi fjölmiðlanefnda, The European Board for Media Services (EBMS) í þeim tilgangi. Um leið verður lagður niður samráðshópurinn ERGA sem fulltrúi Fjölmiðlanefndar hefur átt sæti í fyrir hönd Íslands.

Vonir standa til þess að European Media Freedom Act taki gildi í Evrópusambandsríkjum að ári liðnu. Um er að ræða drög sem eiga eftir að fara í gegnum formlegt ferli innan Evrópusambandsins og því má gera ráð fyrir að þau eigi eftir að taka einhverjum breytingum.

Helstu reglur og nýmæli

En hvaða reglur er að finna í European Media Freedom Act?

Í fyrsta lagi reglur um að stjórnvöld skuli virða **ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla og að þeim sé óheimilt að hafa afskipti af ritstjórnarstefnu og ritstjórnarákvörðunum fjölmiðla.** Þar er líka kveðið á um **vernd heimildarmanna fjölmiðla** og lagt bann við því að beita fjölmiðlafólk þvingunar- og rannsóknarúrræðum í því skyni að knýja það til að veita upplýsingar um heimildarmenn sína. Óheimilt verður að nota njósnabúnað af nokkru tagi til að hafa ólögmætt eftirlit með blaðamönnum eða fjölskyldum þeirra.

Í annan stað er kveðið á um sjálfstæði almannaþjónustufjölmiðla en það eru miðlar eins og RÚV, DR,

NRK, SVT og YLE á Norðurlöndunum. Fram kemur að tryggja verði fjárveitingu til slíkra miðla án þess að vegið sé að ritstjórnarlegu sjálfstæði þeirra.

Í þriðja lagi eru fyrirmæli um **gagnsæi eignarhalds og hagsmunaskráningu á fréttamiðlum**. Gagnsæi eignarhalds er mikilvægt til að koma í veg fyrir samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði og stuðlar þannig að fjölbreytni og fjölræði.

Í fjórða lagi er kveðið á um **gagnsæi og hlutlægni við framkvæmd fjölmiðlamælinga** og sömuleiðis **gagnsæi og sanngirni í auglýsingakaupum hins opinbera** en skortur á hvoru tveggja er til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á markaðinn.

Í fimmta lagi er lagt til að **notendum verði gert kleift að breyta uppsetningu skjáviðmóts í stafrænu sjónvarpi** að vild, þ.e.a.s. að hagræða valmyndinni sem birtist á skjánum eftir þörfum.

Í þessu samhengi skal þess getið að hér á landi hafa þegar verið lögfestar reglur um gagnsæi eignarhalds fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna og vernd heimildarmanna en það var gert með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011.

Ákvæði EMFA um sérmeðferð fjölmiðla vegna efnis sem kann að vera fjarlægt af samfélagsmiðlum

EMFA inniheldur einnig ákvæði um **sérmeðferð fyrir efni fjölmiðla sem kann að verða fjarlægt af samfélagsmiðlum** á grundvelli annarrar reglugerðar Evrópusambandsins: Digital Services Act (DSA).

Digital Services Act er ný löggjöf Evrópusambandsins um stafræn málefni, sem kölluð hefur verið DSA til styttingar. Löggjöfin inniheldur reglur um starfsemi tæknifyrirtækja sem gegna hlutverki milliliða í upplýsingasamfélaginu á netinu og tengja þar saman notendur og efni, vörur og þjónustu. Samkvæmt DSA verður þessum milliliðum skylt að grípa til aðgerða til að vernda netnotendur þegar löggjöfin kemur til framkvæmda og eru ríkustu skyldurnar lagðar á allra stærstu aðilana; þá sem hafa yfir 45 milljónir notenda og eru í aðstöðu til að hafa áhrif á og stýra því hvaða efni birtist þeim. Þekktustu milliliðirnir í þessum skilningi eru *Facebook, Twitter, Instagram, TikTok* og *Google.* Samkvæmt DSA verður þeim skylt að fjarlægja ólögmætt efni af miðlum sínum, hafi tilkynning borist um tilvist þess, og auka gagnsæi um starfsemina til muna, þar með talið um notkun algóritma og meðmælakerfa.

DSA tók gildi 16. nóvember sl. og kemur til framkvæmda í aðildarríkjum ESB 17. febrúar 2024. Reglurnar um allra stærstu samfélagsmiðlana og leitarvélarnar koma þó fyrr til framkvæmda, væntanlega strax næsta sumar.

Áhrif Digital Services Act á fjölmiðla

Fjölmiðlun nútímans fer ekki bara fram á hefðbundnum fjölmiðlum, heldur einnig á samfélagsmiðlum. Efni fjölmiðla er dreift á samfélagsmiðlum og tveir af hverjum þremur Íslendingum nálgast fréttir þar, samkvæmt könnun Fjölmiðlanefndar frá 2021.

Hefðbundnir fjölmiðlar á netinu falla ekki undir gildissvið DSA, þar sem notendur þeirra nálgast efni þeirra beint og milliliðalaust. En samkvæmt DSA eiga samfélagsmiðlar og leitarvélar að fjarlægja allt ólögmætt efni af sínum miðlum og er engin undanþága í regluverkinu fyrir efni fjölmiðla. DSA reglugerðin kann því að hafa áhrif á efni fjölmiðla sem deilt er á samfélagsmiðlum.

Við meðferð DSA frumvarpsins kom fram krafa, m.a. frá Norðurlöndunum, um að veitt yrði undanþága frá reglum DSA fyrir efni sem stafar frá fjölmiðlum. Sú krafa var rökstudd með því að fjölmiðlar starfi nú þegar samkvæmt skýrum lagaramma og/eða siðareglum blaðamanna.

Sérmeðferð fjölmiðla samkvæmt EMFA

Ekki náðist samstaða á Evrópuþinginu um undanþágu fyrir efni fjölmiðla í Digital Services Act, meðal annars vegna þess að talið var að nákvæm skilgreining á hugtakinu fjölmiðill gæti reynst torveld og að hætta væri á því að slík undanþága yrði því misnotuð. Lendingin var sú að bæta við ákvæði í European Media Freedom Act um sérmeðferð á efni fjölmiðla sem kann að vera fjarlægt á grundvelli Digital Services Act. Þannig má segja að þessar tvær reglugerðir tali saman.

Samkvæmt 17. gr. European Media Freedom Act fá yfirlýstir fjölmiðlar sérmeðferð á grundvelli Digital Services Act. Með „yfirlýstum fjölmiðlum“ er átt við að fjölmiðlum verður unnt að skila yfirlýsingu þess efnis að þeir séu fjölmiðlar sem njóti ritstjórnarlegs sjálfstæðis frá ríkjum innan og utan EES og að þeir beri ábyrgð á efni sínu á grundvelli laga eða viðurkenndra siðareglna blaðamanna í einu eða fleiri aðildarríkjum innan EES.

Upplýsa verður fjölmiðla fyrirfram

Allra stærstu samfélagsmiðlunum og leitarvélunum verður skylt að upplýsa fjölmiðla **fyrirfram** ef til stendur að fjarlægja efni sem frá þeim stafar. Kvartanir yfirlýstra fjölmiðla yfir fjarlægingu efnis á grundvelli DSA fá forgangs- og flýtimeðferð hjá miðlunum, auk þess sem fjölmiðlar munu geta beint kvörtunum til áðurnefnds samráðshóps, The European Board for Media Services.

Yfirlýstum fjölmiðli, sem ítrekað verður fyrir óréttmætri fjarlægingu efnis, skal gefast kostur á viðræðum við fulltrúa samfélagsmiðilsins, til að leita skýringa og, eftir atvikum, koma í veg fyrir að efni fjölmiðilsins verði áfram settar skorður. Þá verður samfélagsmiðlum og leitarvélum skylt að birta árlega upplýsingar um fjölda tilvika þar sem efni yfirlýstra fjölmiðla voru skorður settar eða það fjarlægt og jafnframt rökstuðning fyrir þeim ákvörðunum.

Ekki bara í ESB-ríkjum

Rétt er að geta þess að framangreind regluverk hafa ekki bara þýðingu í aðildarríkjum Evrópusambandsins, því að EES-ríkjunum Íslandi, Noregi og Lichtenstein er skylt að innleiða þau í landslög, eftir þeim lögformlegu reglum sem gilda um upptöku löggjafar Evrópusambandsins í EES-samninginn.

Fleiri vopn í vopnabúrið

EMFA er ekki eina regluverkið úr smiðju Evrópusambandsins sem er ætlað að vernda og styrkja blaðamenn í baráttu þeirra gegn utanaðkomandi árásum og afskiptum af ritstjórnarlegu sjálfstæði.

Eitt af því sem valdið hefur áhyggjum margra sem fylgjast með stöðu og þróun á sviði fjölmiðla í Evrópu er fjöldi tilhæfulausra málsókna gegn blaðamönnum og öðrum þátttakendum í opinberri umræðu. Á ensku hafa slíkar málsóknir verið kallaðar *„Strategic Lawsuits Against Public Participation“* eða SLAPP til styttingar. Fimmtán tilkynningar um slík mál bárust til Evrópuráðsins árið 2021. Bent hefur verið á að þótt ekki endi öll slík mál fyrir dómstólum sé kostnaður við að verjast meiðyrðamálsóknum víða svo hár að jafnvel hótanir um málsóknir geti verið nóg til að kæfa gagnrýna umræðu. Því geti óttinn við að fá á sig lögsókn valdið því að blaðamenn og aðrir veigri sér við að setja mál á dagskrá og taka þátt í opinberri umræðu um mál sem varðar almannahagsmuni.

Haustið 2021 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins *tilmæli um að vernda, valdefla og tryggja öryggi blaðamanna og annarra sem starfa í fjölmiðlum* þar sem sérstök athygli vakin á því að kvenkyns blaðamenn verða fremur fyrir netárásum gagngert vegna starfa sinna en karlkyns kollegar þeirra.

Evrópuráðið hefur einnig látið til sín taka í þessum efnum og hefur á síðustu mánuðum birt fjölda tilmæla um starfsumhverfi og frelsi fjölmiðla.

Loks er vert að benda á drög að tilskipun Evrópusambandsins um vernd einstaklinga sem taka þátt í opinberri umræðu gegn bersýnlega tilefnislausum eða óréttmætum lögsóknum, sem birt voru í vor, 27. apríl 2022, en tilskipuninni og tilmælum um sama efni er ætlað að verja blaðamenn fyrir kælandi áhrifum meiðyrðamálssókna á tjáningarfrelsið.

Skýr skilaboð

Heyrst hafa gagnrýnisraddir um að með European Media Freedom Act seilist Evrópusambandið of langt inn á valdsvið aðildarríkjanna. Einnig hefur því verið fleygt að þrátt fyrir háleit markmið sé löggjöfin fyrst og fremst pólitísk yfirlýsing eða einhvers konar „pappírstígur“. Margir hafa þó væntingar til þess að með hinni nýju reglugerð um fjölmiðlafrelsi, verði hún samþykkt óbreytt, verði frelsi og ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla á Evrópska efnahagssvæðinu betur tryggt. Í öllu falli er ljóst að reglugerðardrögin innihalda skýr skilaboð til stjórnvalda í aðildarríkjum sambandsins, fjölmiðlafólks og almennings um mikilvægi þess að standa vörð um frelsi og sjálfstæði fjölmiðla.

Höfundur er yfirlögfræðingur Fjölmiðlanefndar.

Trúnaðarmenn verður að kjósa og tilnefna á tveggja ára fresti



Hjálmar Jónsson

Úrskurður Félagsdóms í máli Eflingar gegn Icelandair vegna uppsagnar trúnaðarmanns á hlaðdeild félagsins á Reykjavíkurflugvelli kallar á að Blaðamannafélagið og önnur stéttarfélög sem hafa sambærileg ákvæði um kjör og tilnefningu trúnaðarmanna í kjarasamningum sínum endurskoði verklag sitt svo tryggt sé að trúnaðarmenn njóti þeirrar verndar sem lög um stéttarfélög og vinnudeilur eiga að tryggja þeim.

Í úrskurði Félagsdóms nr 25/2021 frá 25. október 2022 eru tekin af öll tvímæli um það að ákvæði kjarasamninga varðandi kjör og tilnefningu trúnaðarmanna verkalýðsfélaga á vinnu-stöðum eru ófrávíkjanleg. Það þýðir að verkalýðsfélög verða að efna til atkvæðagreiðslu um trúnaðarmenn og tilnefna þá síðan með formlegri tilnefningu til atvinnurekanda með reglubundnum hætti til þess að þeirri njóti verndar laganna, sem einkum lúta að því að tryggja þeim vernd gegn uppsögnum vegna trúnaðarstarfa sinna.


Í kjarasamningi BÍ við SA segir um þetta efni – en ákvæðið er samhljóða ákvæðinu í kjarasamningi Eflingar og margra annarra verkalýðsfélaga – að starfsmönnum sé „heimilt að kjósa sér einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 til 50 starfsmenn og tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50. Að kosningu lokinni tilnefnir stjórn BÍ trúnaðarmennina. Verði kosningu eigi við komið, skulu trúnaðarmenn tilnefndir af stjórn BÍ. Trúnaðarmenn verða eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.“

Trúnaðarmannakjör á öllum stærri vinnustöðum

Úrskurður Félagsdóms þýðir að fylgja verður ákvæðinu bókstaflega og efna til kosninga um trúnaðarmenn á vinnustöðum á tveggja ára fresti og að stjórn BÍ tilnefni þá með formlegum hætti að því loknu. Í framkvæmd hefur þessu verið þannig hagað hjá BÍ að yfirleitt hefur ekki farið fram kjör um trúnaðarmenn nema þegar þeir láta af störfum eða láta í ljósi ósk um að sinna ekki trúnaðarstörfum lengur, enda yfirleitt ekki mikil eftirsókn eftir því að taka sér þau verkefni sem trúnaðarmennskunni fylgja. Flestir líta á þetta sem þegnskylduvinnu í þágu samstarfsmanna og stéttarfélags. Úrskurður Félagsdóms kallar þannig á að efnt verði til kjörs trúnaðarmanna á öllum stærri vinnustöðum blaðamanna á næstu vikum og þeir tilnefndir af stjórn til næstu tveggja ára. Það þýðir svo að endurtaka þarf leikinn í upphafi árs 2025 og síðan koll af kolli nema ákvæðum kjarasamninga verði breytt að þessu leyti.

Höfundur er framkvæmdastjóri BÍ.

Þriðja bindið
um íslenska blaðamenn



Jólabókin í ár fyrir íslenska blaðamenn er án efa nýjasta bindið í ritröð BÍ um íslenska blaðamenn. Nýja bindið er það þriðja í ritröðinni, en í því er rætt við tólf reynslumikla blaðamenn. Guðrún Guðlaugsdóttir skráði.

Í formála Birgis Guðmundssonar, sem er ritstjóri ritraðarinnar, segir meðal annars:

„Þessi bók er þriðja bókin í bókaflokki um íslenska blaðamenn, þar sem fjölmiðlafólk er tekið tali og rætt við það um bæði um blaðamennsku og um lífshlaup þess. Að þessu sinni er fanga leitað aðeins út fyrir skráða félaga í Blaðamannafélaginu, en áður miðaðist val viðmælenda við lægstu númerin í félagatali BÍ. Viðmælendur í þessari bók hafa hins vegar ekki verið í stöðugum félagatengslum við BÍ þannig að þeir hafi fallið inn í félagatals-númeraröðina. Þau eiga það þó öll sameiginlegt að hafa verið af lífi og sál í blaðamennskunni um lengri eða skemmri tíma, sett mark sitt á hana og hafa frá mörgu að segja. Bækur þessar hafa tengst því að Blaðamannafélagið hefur fagnað stórafmælum, og er þessi bók engin undantekning frá því, en félagið fagnar 125 ára afmæli í ár.

Hugmyndin með bókunum hefur verið tvíþætt. Annars vegar sú að varðveita með rituðum hætti ómetanlegar upplýsingar um sögu blaðamennsku og fjölmiðlunar í landinu og hins vegar að fá tækifæri til að skyggnast með persónulegri hætti inn í líf, störf og sjónarmið fólks sem starfað hefur í þessu fagi. Bækurnar hafa því haft umtalsvert sagnfræðilegt vægi auk þess sem viðtölin eru undantekningarlaust spennandi lesefni um áhugavert fólk.“

Auk formála skrifar Birgir Guðmundsson stuttan fræðilegan inngangskafla í bókina, þar sem reynt er að setja viðtölin í samhengi við tímabilaskiptingu í íslenskri fjölmiðlasögu. Það er Blaðamannafélaga Íslands sem gefur út og gerir það í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Sögur útgáfu.

Þau sem talað er við að þessu sinni: Árni Bergmann, Bogi Ágústsson, Edda Andrésdóttir, Egill Helgason, Elías Snæland Jónsson, Jón Birgir Pétursson, Margrét Heinreksdóttir, Markús Örn Antonsson, Ólafur Sigurðsson, Sigrún Stefánsdóttir, Silja Aðalsteinsdóttir og Þórarinn Jón Magnússon.



Útgáfu bókarinnar var fagnað í sal BÍ 14. desember. F.v.: Guðrún Guðlaugsdóttir, Ólafur Sigurðs-son, Anna Kristín Brynjúlfsdóttir ekkja Elíasar Snælands Jónssonar, Edda Andrésdóttir, Jón Birgir Pétursson, Bogi Ágústsson, Kristinn Ingvarsson, Þórarinn Jón Magnússon og Sigríður Dögg Auðunsdóttir. *Mynd: AA*

Félagaskrá BÍ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
1	Matthías Johannessen		1/1/51	1/1/51
2	Fríða Björnsdóttir		21/6/61	1/10/62
3	Bragi Guðmundsson		1/6/62	1/6/62
4	Björn Vignir Sigurpálsson		15/10/64	3/12/65
5	Magnús Finnsson		1/4/65	1/4/65
6	Steinar Lúðvíksson		1/9/65	1/9/65
7	Kári Jónasson		1/1/62	1/1/62
8	Ingvi Hrafn Jónsson		1/1/66	1/1/66
9	Árni Johnsen		7/10/67	1/12/68
10	Sigtryggur Sigtryggsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/70	1/10/71
11	Gunnar Valberg Andrésson		1/1/67	6/4/72
12	Jóhannes Reykdal		1/8/71	29/7/72
13	Úlfar Þormóðsson		14/7/71	24/8/72
14	Sigmundur Steinarsson		1/5/72	1/8/73
15	Arnór G. Ragnarsson		26/6/74	26/6/74
16	Árni Jörgensen		1/6/73	26/6/74
17	Árni Þórarinsson		1/1/71	19/9/74
18	María Ólafsdóttir		1/10/72	14/1/75
19	Sveinn Sigurðsson		1/1/73	1/2/75
20	Þórir Þorsteinsson		1/1/75	20/5/75
21	Ágúst Ingi Jónsson		1/1/72	20/5/75
22	Ásgeir Tómasson	RÚV	1/9/75	1/9/75
23	Jim Smart		1/9/75	1/9/75
24	Borghildur Anna Jónsdóttir		1/1/72	1/10/75
25	Ómar Andersen Valdimarsson		1/1/69	1/9/75
26	Ragnar Guðni Axelsson		15/1/76	15/1/76
27	Gunnar E. Kvaran	ATHYGLI EHF	1/5/76	1/5/76
28	Gísli Sigurgeirsson		8/6/72	1/9/76
29	Gróa Ormsdóttir		9/6/72	9/1/76
30	Jónas Haraldsson		10/6/72	9/4/77
31	Ragnar Thor Sigurðsson		11/6/72	1/6/77
32	Kjartan Stefánsson		12/6/72	9/11/77
33	Sigurður H. Hreiðarsson		13/6/72	1/1/77
33	Sævar Guðbjörnsson		14/6/72	7/11/77
35	Álfheiður Ingadóttir		15/6/72	1/1/79
36	Eiríkur Stefán Eiríksson		16/6/72	26/1/78
37	Heiður Helgadóttir		17/6/72	1/2/78
38	Kristinn Hallgrímsson		18/6/72	1/6/78
39	Emilía Björg Björnsdóttir		1/9/74	2/10/78
40	Guðlaugur Bergmundsson		1/3/79	1/3/79
41	Fríða Proppé		19/3/79	19/3/79
42	Þórir Guðmundsson		1/5/79	1/5/79
43	Valgerður Þ Jónsdóttir		1/6/79	1/6/79
44	Ellert Schram		1/1/60	1/3/80
45	Sveinn Kristján Guðjónsson		1/1/73	1/5/80
46	Anna Ólafsdóttir Björnsson	CONTROLANT	3/5/80	3/5/80
47	Eiríkur Jónsson		1/5/78	1/6/80
48	Hjörtur Gíslason		1/1/76	1/6/78
49	Kristján Már Unnarsson	STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN	1/9/80	1/8/02
50	Agnes Guðrún Bragadóttir		4/9/80	14/9/80
51	Valgerður Katrín Jónsdóttir		15/9/81	15/9/81
52	Jón Víðir Sigurðsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/9/81	1/9/81
53	Sigmundur Ernir Rúnarsson	HRINGBRAUT	1/10/81	1/10/81
54	Lúðvík Geirsson		1/3/79	1/1/82
55	Hjálmar Jónsson	BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS	18/5/82	18/5/82
56	Jón Baldvin Halldórsson		1/6/82	1/6/82
57	Skapti Hallgrímsson	AKUREYRI.NET	1/7/82	1/7/82
58	Páll Stefánsson	NORDIC TIMES MEDIA	1/7/82	1/7/82
59	Magnús Sigurðsson		1/10/82	1/10/82
60	Friðrik Þór Guðmundsson		1/7/82	1/1/83
61	Valþór Hlöðversson		1/1/82	1/1/83
62	Páll Hilmar Ketilsson		1/1/83	1/1/83
63	Árni Sæberg Kristjánsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/2/83	1/2/83
64	Guðmundur Sveinn Hermannsson	MORGUNBLAÐIÐ	30/5/83	30/5/83
65	Helgi Bjarnason	MORGUNBLAÐIÐ	1/7/82	2/6/83
66	Óli Örn Andreassen		1/1/76	1/7/83
67	Aðalsteinn Ingólfsson		1/9/78	1/9/83
68	Eygló Stefánsdóttir		1/1/77	1/4/84
69	Sigurður Friðþjófsson		1/5/84	1/5/84
70	Kristín Gunnarsdóttir		1/6/84	1/6/84
71	Anna Hólmfríður Yates		1/5/84	1/5/84
72	Guðmundur Ólafur Ingvarsson		1/6/84	1/6/84
73	Mörður Árnason		1/6/84	1/6/84
74	Ásdís Haraldsdóttir		12/6/84	12/6/84
75	Árni Þórður Jónsson	EIGNAUMSJÓN	1/6/84	1/6/84
76	Guðbjörg R. Guðmundsdóttir	GRUND	1/6/80	1/7/84
77	Þorsteinn J. Vilhjálmsson		8/8/84	8/8/84
78	Rúnar Ármann Arthúrsson		1/1/73	1/9/84
79	Jóhanna Árný Ingvarsdóttir		1/9/84	1/9/84
80	Valur Benedikt Jónatansson	HÓPBÍLAR	1/1/85	1/1/85
81	Gullveig T. Sæmundsdóttir		1/1/85	1/1/85
82	Birgir Guðmundsson		15/1/85	15/1/85
83	Edda Guðrún Andrésdóttir		1/3/85	1/3/85
84	Jón Guðmar Hauksson		1/5/82	1/2/85

FÉLAGIÐ
FÉLAGASKRÁ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
85	Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir		1/3/84	1/4/85
86	Skúli Unnar Sveinsson	NORRÆNA FERÐASKRIFST.	1/6/83	1/6/85
87	Bragi V. Bergmann	FREMRI ALMANNATENGSL	1/9/85	1/9/85
88	Sigurður Már Jónsson		17/9/85	17/9/85
89	Peter Radovan Jan Vosicky		1/1/86	1/1/86
90	Þjetur Sigurðsson	KSÍ	7/4/86	7/4/86
91	Ragnhildur Sverrisdóttir	LANDSVIRKJUN	1/6/86	1/6/86
92	Steinþór Guðbjartsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/3/84	1/1/86
93	Ingibjörg Bára Sveinsdóttir		1/8/86	1/8/86
94	Brynjar Gauti Sveinsson	STRAUMKUL	1/9/86	1/9/86
95	Sigurveig Jónsdóttir		1/10/86	1/10/86
96	Jón Kristján Sigurðsson	FÍB	1/12/86	1/12/86
97	Birna Þórðardóttir		1/1/87	1/1/87
98	Bryndís Kristjánsdóttir		1/9/86	1/1/87
99	Margrét Sverrisdóttir		1/1/87	1/3/87
100	Elín Albertsdóttir	FRÉTTABLAÐIÐ	1/6/78	1/5/87
101	Ómar Friðriksson	MORGUNBLAÐIÐ	20/5/84	1/5/87
102	Jóhann Ólafur Halldórsson	RITFORM	1/5/87	1/5/87
103	Kristín Helga Gunnarsdóttir	UPPSTREYMI	12/9/87	12/9/87
104	Bogi Þór Arason		14/9/87	14/9/87
105	Geir Ragnar L. Andersen		1/10/87	1/10/87
106	Haukur Holm	RÚV	28/10/87	28/10/87
107	Ómar Þ. Ragnarsson		1/1/88	1/1/88
108	Óttar Halldór Sveinsson		3/1/88	3/1/88
109	Heimir Már Pétursson	STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN	1/4/88	16/9/05
110	Hallur Þorsteinsson		9/5/88	9/5/88
111	Guðjón Guðmundsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	15/5/88	15/5/88
112	Kristján Jónsson		5/6/86	25/5/88
113	Margrét Þóra Þórsdóttir		1/6/83	1/6/88
114	Þorfinnur Ómarsson		1/7/88	1/7/88
115	Björn Leósson		1/7/88	1/7/88
116	Kristján Sigurjónsson		1/8/88	1/8/88
117	Guðlaug Konráðsdóttir		1/9/88	1/9/88
118	Stefán Ásgrímsson		1/9/88	1/9/88
119	Sigrún Soffía Hafstein	VERKFRÆÐINGAFÉL. ÍSLANDS	10/10/88	10/10/88
120	Lúðvík Örn Steinarsson		1/8/88	1/3/89
121	Hilmar Bragi Bárðarson	VÍKURFRÉTTIR	1/7/89	1/7/89
122	Ásgeir Friðgeirsson		1/8/89	1/8/89
